

Ársskýrsla

2024





Iðnaður stendur
að baki þriðjungi
hagvaxtarins



Einn af
hverjum fjórum
starfar í iðnaði



Iðnaður
skapar fimmting
landsframleiðslunnar



Iðnaður
skapar 39%
útflutningstekna



Iðnaður skapar 31%
af veltu fyrirtækja
í landinu

Ársskýrsla 2024

Innan Samtaka iðnaðarins eru um 1.800 fyrirtæki og félög sjálfstæðra atvinnu- rekenda. Um 50 starfsgreinahópar, undirfélög og ráð eru starfsrækt innan SI og eru hundruð stjórnenda í íslenskum iðnfyrirtækjum virk í starfi samtakanna sem eru stærstu og öflugustu samtök atvinnurekenda á Íslandi.

Samtök iðnaðarins vinna að hagsmunum iðnaðarins á öllum sviðum í nánu samráði við félagsmenn, starfsgreinahópa og aðildarfyrirtæki.

Mars 2025
Útgefandi: Samtök iðnaðarins
Borgartúni 35, 105 Reykjavík
Sími 591 0100, mottaka@si.is, www.si.is
Ábyrgðarmaður: Sigurður Hannesson
Ritstjórn: Margrét Kristín Sigurðardóttir, margret@si.is
Hönnun og umbrot: Hvíta húsið
Prentun: Svansprent



Ávarp formanns SI

Sóknarhugur og samtakamáttur í 30 ár

Á árinu 2024 fögnuðum við með margvíslegum hætti 30 ára afmæli Samtaka iðnaðarins, sem hafa frá fyrsta degi spilað stórt hlutverk í sögu bættra lífskjara landsmanna og aukinnar velsældar á Íslandi. Þegar iðnrekendur og atvinnurekendur í löggiltum iðngreinum sammæltust um það í septemberlok árið 1993, að steypa saman sex helstu félögum og samtökum iðnaðar í ný heildarsamtök var tekið stórt og mikilvægt skref í framþróun atvinnugreinarinnar á Íslandi. Sóknarhugur og samtakamáttur voru leiðarljósin við stofnunina og hafa einkennt starfsemi Samtaka iðnaðarins, allt frá fyrsta degi janúar 1994 þegar þau tóku formlega til starfa. Frá þeim tíma hefur Samtökum iðnaðarins vaxið markvisst fiskur um hrygg með fjölgun félagsmanna og aðild fleiri félaga og samtaka í okkar geira.

Ef einhver skyldi enn velta því fyrir sér hvort gengið hafi verið til góðs, götuna fram eftir veg, með stofnun Samtaka iðnaðarins, hygg ég að svarið sé augljóst. Nú um stundir skapar iðnaður einn og sér ríflega fjórðung landsframleiðslunnar og um síðustu áramót störfuðu ríflega 51 þúsund undir merkjum fjölbreytts íslensks iðnaðar, eða ríflega einn af hverjum fimm. Iðnaðurinn skilar um 39% útflutningstekna af fjölbreyttri starfsemi á sviði framleiðslu-, hugverka- og byggingariðnaðar.

Þessar tölur undirstrika umfang og mikilvægi iðnaðarins í gangverki íslenska efnahagslífsins. Í samanburði við þá stöðu sem blasti við forystufólki í íslenskum iðnaði sem tók höndum saman fyrir réttum 30 árum, í kjölfar áralangrar óðaverðbólgu og almennrar stöðnunar í efnahagsmálum, er einsýnt að árangurinn er markverður. Íslenskt efnahagslíf stendur á flesta mælikvarða styrkari fótum en nokkru sinni fyrr með fjölbreyttan grunn útflutningsgreina til að styðja við frekari sókn og vöxt á komandi árum.

Á stórafmælisári er mikilvægt að minnast þeirra sem á undan okkur gengu og lögðu grunninn að þeim lífsgæðum sem við nú búum við og þeirri miklu breidd sem iðnaðurinn endurspeglar í íslensku efnahagslífi – það gerðist sannarlega ekki áreynslulaust eða af tilviljun. Þessum árangri höfum við náð með sóknarhug og samtakamætti ótal margra sem að málum hafa komið í sögu samtakanna og sögu frumkvöðla og eldhuga í íslenskum iðnaði. Þeim eru hér færðar einlægar þakkir fyrir þeirra framlag.

Hugmyndalandið blómstrar

Við Íslendingar erum stöðugt á krossgötum þar sem annars vegar takast á löngunin til að halda okkur við það sem við þekkjum og hins vegar viljinn til að framkvæma og hugsa stærra. Þjóðfélagsbreytingar hafa verið hraðar á undanförnum árum og við höfum í raun ekki val um stöðun, sem þýddi að við myndum dragast aftur úr í lífskjörum samanborið við löndin í kringum okkur. Ef við ætlum að halda áfram

að ná árangri – ef við ætlum að viðhalda og bæta lífsgæði okkar, skapa verðmæti og góð störf – þá megum við ekki óttast eða víkja okkur undan því að taka ákvarðanir, sem vissulega geta sumar verið erfiðar og umdeildar.

Allir gearar atvinnulífsins skipta máli í okkar litla hagkerfi og grunnstoðirnar hafa stutt við nýja atvinnuvegi. Við eigum ótal sögur af hugmyndum, stórum sem smáum, sem urðu til í sjávarútvegi, landbúnaði, ferðaþjónustu og ekki síst fjölbreyttum iðnaði sem leiddu af sér mikilvæg skref til framþróunar og bættra lífshátta. Á móti hafa grunnstoðirnar notið stórkostlegs ábata af hvers konar tækni- nýjungum og grundvallarþrygtingum í vinnslu- og framleiðsluaðferðum. Hugmyndirnar, trúin á þær og krafturinn til að hrinda þeim í framkvæmd hafa alltaf verið það sem fleytir okkur inn í betri framtíð. Því megum við aldrei gleyma.

Við erum nefnilega stöðugt að leggja grunninn að nýjum atvinnugreinum. Við erum að hagnýta margvíslega tækni til að gera vegalengdir og landamæri að aukaatriðum, skapa meiri verðmæti úr takmörkuðum auðlindum, vinna gegn loftslagsvandanum, auka öryggi starfsfólksins okkar og svo mætti lengi telja. Áræðni okkar og frumkvöðlaandi á liðnum áratugum hefur orðið til þess að reynsla og þekking Íslendinga á fjölmörgum sviðum er orðin eftirsótt um heim allan, hvort sem um er að ræða í orkumálum, grænum iðnaði, ræktun og vinnslu matvæla, sjálfbærni í byggingariðnaði, og svo mætti lengi telja. Við höfum þannig skapað margvísleg jákvæð fordæmi svo eftir er tekið.

Við höfum verið óþreytandi að benda á að hugverkaiðnaðurinn, fjórða stoð útflutnings, gæti orðið sú stærsta áður en þessi áratugur er á enda. Það hefði þótt tíðindum sæta fyrir ekki svo mörgum árum síðan og líklega af mörgum talið draumsýn byggð á skjýjaborgum. En þetta er einfaldlega staðan þegar við erum að nálgast hálfleikinn á þessum áratug.

Það þýðir þó ekki að við getum slappað af og einfaldlega beðið eftir uppskerunni. Markmiðinu er ekki náð því allt er í heiminum hverfult. Áfram þarf að plægja nýja akra og sá fleiri fræjum. Vaxtar- og starfsumhverfið þarf að vera vinveitt og hvetjandi sem aldrei fyrr í stað þess að letja og tefja. Við þurfum orku, við þurfum sterka innviði landið um kring, við þurfum fjárfestingaumhverfi sem trúir á íslenskt atvinnulíf og laðar einnig til sín erlenda fjárfestingu; og ekki síst þurfum við framsýnt menntakerfi sem skilur framtíðina og gerir ungu fólki kleift að blómstra, byggt á hæfileikum hvers og eins. Aðeins þannig mun hugmyndalandið Ísland halda áfram að blómstra og árangurinn tryggður.

Ég færi félagsmönnum, stjórn og starfsfólki Samtaka iðnaðarins mínar bestu þakkir fyrir afar ánægjulegt samstarf á árinu og óska íslenskum iðnaði velfarnaðar á komandi starfsári.

Áni Sigurjónsson,
formaður Samtaka iðnaðarins

Stjórn SI 2024

Stjórn Samtaka iðnaðarins ber ábyrgð á stefnumörkun og áherslu í starfinu en framkvæmdastjóri og starfsfólk sjá um nánari útfærslu og framkvæmd. Stjórnin kom saman til 12 formlegra stjórnarfunda. Reglur um stjórnarsetu eru þannig úr garði gerðar að sífelld endurnýjun á sér stað innan stjórnarinnar en einn helsti styrkur SI er að enginn getur setið þar lengur en í sex ár. Þá þarf hver stjórnarmaður að fá endurnýjað umboð á tveggja ára fresti.

Stjórnarkjör

Stjórnarkjör fór fram á aðalfundi SI sem haldinn var í Húsi atvinnulífsins 7. mars. Kjörið fór fram með rafrænum hætti. Alls gáfu níu kost á sér til almennrar stjórnarsetu. Kosið var um sæti formanns og fimm almenn stjórnarsæti. Árni Sigurjónsson var endurkjörinn formaður Samtaka iðnaðarins með 98,05% atkvæða. Aðrir í stjórn sem hlutu kosningu eru Arna Arnardóttir, gullsmiður, Bergþóra Halldórsdóttir, Borealis Data Center, Hjörtur Sigurðsson, VSB verkfræðistofa, Jónína Guðmundsdóttir, Corpharma, og Vignir Steinþór Halldórsson, Öxar Byggingafélag.

Stjórn SI

Árni Sigurjónsson, Marel, formaður

Arna Arnardóttir, gullsmiður

Bergþóra Halldórsdóttir, Borealis Data Center

Guðrún Halla Finnsdóttir, Norðurál

Hjörtur Sigurðsson, VSB verkfræðistofa

Jónína Guðmundsdóttir, Coripharma

Karl Andreasson, Ístak

Magnús Hilmar Helgason, Launafi

Vignir Steinþór Halldórsson, Öxar

Þorsteinn Víglundsson, Eignarhaldsfélagið Hornsteinn

Varamenn

Ágúst Torfi Hauksson, Kjarnafæði Norðlenska

Halldór Halldórsson, Íslenska kalkþörungafélagið

Kolbrún Hrafnkelsdóttir, Florealis

Sigþór H. Guðmundsson, Controlant



Stjórn og framkvæmdastjóri SI í desember 2024. Í fremri röð, talið frá vinstri, Guðrún Halla Finnsdóttir, Sigurður Hannesson, Árni Sigurjónsson, Jónína Guðmundsdóttir, Arna Arnardóttir. Í efri röð, talið frá vinstri, Karl Andreassen, Kolbrún Hrafnkelsdóttir, Hjörtur Sigurðsson, Þorsteinn Víglundsson, Vignir Steinþór Halldórsson, Bergþóra Halldórsdóttir, Halldór Halldórsson, Magnús Hilmar Helgason, Sigþór H. Guðmundsson.

Stiklað á stóru 2024 janúar–júní

Janúar

- 1. janúar – Samtök fyrirtækja í landbúnaði ganga til liðs við SI
- 25. janúar – Á Framleiðsluþingi SI er fjallað um íþyngjandi regluverk
- 30. janúar – Á Útboðsþingi SI eru kynnt áform um 204 milljarða króna útboð opinberra aðila

1

Febrúar

- 2. febrúar – Í greiningu SI segir að stjórnendur fyrirtækja í tækni- og hugverkaiðnaði vænti 77% fjölgunar starfsfólks
- 14. febrúar – Á Menntadegi atvinnulífsins kemur m.a. fram að skortur á starfsfólki er dragbítur á vöxt hagkerfisins
- 22. febrúar – Eliza Reid, forsetafrú, tekur á móti fyrstu köku ársins á Bessastöðum

2

Apríl

- 19. apríl – SI á stórsýningunni Verk og vit í Laugardalshöll
- 19. apríl – Ráðstefna SI um samgönguinnviði
- 23. apríl – Félag hársnyrtimeistara og -sveina í Reykjavík gengur til liðs við SI
- 24. apríl – Í greiningu SI segir að 44% stjórnenda telji aðstæður í efnahagslífinu á Íslandi séu góðar fyrir þeirra fyrirtæki

4

Mars

- 7. mars – Aðalfundur SI
- 7. mars – Iðnþing SI
- 8. mars – Árshóf SI
- 14. mars – Nýsköpunarmót Álklassans
- 19. mars – Í greiningu SI segir að skattspor iðnaðar sé 462 milljarðar króna

3

Mái

- 10. maí – Framfarasjóður SI úthlutar 5,5 milljónum króna til framfaramála
- 14. maí – Fundur í Nýsköpunarvikunni um mikilvægi hugverkaréttinda og einkaleyfa
- 17. maí – Í greiningu SI segir að 14-17 milljarðar króna útflutningstekjur tapist vegna raforkuskerðingar
- 22. maí – Hraðstefnumót SSP og SI í Nýsköpunarviku
- 27. maí – Fundur um óflugt atvinnulíf í Árborg og á Suðurlandi
- 28. maí – Stjórn SI heimsækir fyrirtæki á Suðurlandi

5

Júní

- 27. júní – Fundur Business Europe í Búdapest í Ungverjalandi
- 27. júní – Undirritun samkomulags um nýjan Tækniskóla í Hafnarfirði

6

Stiklað á stóru 2024 júlí–desember



Júlí

- 4. júlí – Í greiningu SI segir að 59% verktaka telji að framboð af lóðum hafi heft uppbyggingu íbúða
- 10. júlí – Í greiningu SI segir að iðnaður sé stærsta útflutningsgrein hagkerfisins þar sem tekjur nema 698 milljörðum króna

7



Ágúst

- 8. ágúst – Í greiningu SI segir að fasteignaskattar á atvinnuhúsnæði hafi hækkað um 50% á 10 árum
- 15. ágúst – Fundur um húsnæðismál í Bæjarbíói

8

Október

- 2. október – Afhending styrkja úr Hvatningarsjóði Kviku
- 9. október – Ríkisheimsókn til Danmerkur
- 10. október – Fundur formanna og framkvæmdastjóra norrænna atvinnurekendasamtaka haldinn í Reykjavík
- 22. október – Umhverfisdagur atvinnulífsins
- 22. október – Í greiningu SI segir að 68% stjórnenda fyrirtækja í mannvirkjaiðnaði telja að fyrirtæki þeirra hafi haft frumkvæði að breytingum í rekstrinum sem hafi jákvæð umhverfisáhrif

10



September

- 3. september – Tilkynnt um að Abler sé Vaxtarsproti ársins
- 15. september – Stjórn SI kynnir sér stefnu og strauma í Washington D.C.
- 25. september – Sviðsstjóri iðnaðar- og hugverkasviðs SI er með erindi á ársfundi Vinnuhússins í Færeyjum

9



Nóvember

- 5. nóvember – Fjöldmennur kosningafundur SI í Silfurbergi í Hörpu
- 5. nóvember – Í greiningu SI segir að 92% stjórnenda iðnfyrirtækja telji að það skipti miklu máli fyrir rekstur þeirra að næsta ríkisstjórn skapi skilyrði fyrir lækkun vaxta og verðbólgu
- 7. nóvember – Framkvæmdastjóri SI veitir Verkmenntaskóla Austurlands Íslensku menntaverðlaunin fyrir framúrskarandi framlag í iðn- og verkmenntun
- 8. nóvember – Fulltrúi SI afhendir viðurkenningu fyrir bestu fjárfestingu í hönnun sem er ætlað að draga fram hversu mikilvægt er að hönnun sé frá upphafi hluti af stefnumótun og framkvæmdum til að auka verðmætasköpun og bæta samkeppnishæfni
- 14. nóvember – Kynningarfundur um uppfærslu á vefnum orkuskipti.is þar sem kemur m.a. fram að Ísland sé í 22. sæti yfir orkuframleiðslu á mann
- 18. nóvember – Útgáfa SI um íbúðamarkaðinn þar sem kemur fram að of lítið framboð er af nýjum íbúðum
- 19. nóvember – Alþingi styður við áframhaldandi vöxt í hugverkaiðnaði
- 20. nóvember – Í greiningu SI segir að 91% stjórnenda telji að ófyrirsjáanleiki í opinberum framkvæmdum skili auknum kostnaði
- 29. nóvember – Fulltrúar SI á fundi Business Europe í Varsjá

11



Desember

- 6. desember – Í greiningu SI segir að skortur á raforku valdi mikilli hækkun á raforkuverði eða 13% hækkun á 12 mánuðum
- 12. desember – Alvotech og Kerecis hljóta Geisla – viðurkenningu SI til einhyrninga
- 13. desember – Stjórn SI heimsækir Controlant

12





Alþjóðleg hagsmunagæsla og samstarf

Samtök iðnaðarins lögðu áherslu á alþjóðlega hagsmunagæslu á árinu með fjölmörgum markvissum aðgerðum. Samtökin eru í margvíslegum alþjóðlegum tengslum, bæði á norrænum vettvangi og í Evrópu.

Samtök iðnaðarins hafa lengi átt aðild að Business Europe (BE) sem eru öflugustu samtök atvinnurekenda gagnvart ESB. Um 45 samtök frá álíka mörgum löndum eiga aðild að BE. Samtök atvinnulífsins eiga einnig aðild að BE. Á vettvangi BE er rekið öflugt starf þar sem fjölmargir málefnaþópar fjalla um hagsmunamál atvinnulífs og iðnaðar. Formaður og framkvæmdastjóri SI sóttu aðalfund Business Europe í Varsjá í Póllandi í nóvember. Formaður SI sat einnig fund Business Europe sem haldinn var í Búdapest í Ungverjalandi í júní.

SI, ásamt Samtökum atvinnulífsins, eiga fulltrúa í ráðgjafarnefnd EFTA og ráðgjafarnefnd EES. Sigríður Mogensen, sviðsstjóri iðnaðar- og hugverkasviðs, var formaður ráðgjafarnefndar EFTA árið 2024 og annar tveggja formanna ráðgjafarnefndar EES. Á árinu voru





haldnir margvíslegir fundir á vettvangi nefndanna, meðal annars í Brussel, Genf og Osló. Var meðal annars fundað í tvígang með utanríkis- og viðskiptaráðherrum EFTA ríkjanna og reglulegir sameiginlegir fundnir haldnir með þingmannanefnd EFTA. Þá voru haldnir fundir með stofnunum innan Evrópusambandsins, Alþjóðaviðskiptastofnuninni (WTO) og ýmsum samtökum. Formaður ráðgjafarnefndarinnar sótti einnig heimsókn þingmannanefndar EFTA til Brasilíu og Argentínu vorið 2024 í tengslum við gerð fríverslunarsamnings milli EFTA og MERCOSUR ríkjanna svokölluðu.

Á árinu 2024 var samkeppnishæfni í forgrunni í starfi ráðgjafarnefndar EFTA. Rímar það vel við auknar áherslur ESB á árinu 2024 um samkeppnishæfni. Önnur forgangsmál voru eftirfarandi:

- Áhersla á samkeppnishæfni EES EFTA ríkjanna og innri markaðarins, þar sem nefndin hefur áhyggjur af skertri samkeppnishæfni og áhrifum íþyngjandi löggjafar og regluverks á samkeppnishæfni ríkjanna.
- Að tryggja hagsmuni EES EFTA ríkjanna í tengslum kosningar til Evrópuþingsins sem fram fóru 2024 og þær breytingar sem eru í vændum í kjölfar þeirra.
- Fylgjast með og hafa áhrif á þróun og framkvæmd græna sáttmála ESB, „Fit for 55“ þakkans og innleiðingu þeirra í EES samninginn.
- Fylgjast með og hafa áhrif á þróun í stafrænni löggjöf og löggjöf sem snýr að gervigreind innan ESB og EES.



Vel á annað hundrað leiðtogar úr íslensku og dönsku atvinnulífi sóttu vel heppnaða ráðstefnu um orku, grænar lausnir, viðskipti og samvinnu sem haldin var í Kaupmannahöfn í október í tilefni af ríkisheimsókn forseta Íslands til Danmerkur. Samtök iðnaðarins skipulögðu ráðstefnuna ásamt Íslandsstofu, Grænvangi og Dansk-Íslenska viðskiptaráðinu í samvinnu við sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn. Dansk Industri, State of Green og danska utanríkisráðuneytið höfðu umsjón með skipulagningunni af hálfu Dana.

Sigríður Mogensen, sviðsstjóri iðnaðar- og hugverkasviðs SI, var meðal aðalfyrirlesara á ársfundi Vinnuhússins í Færeyjum og fjallaði um vöxt hugverkaiðnaðar á Íslandi og gervigreind. Fulltrúar SI sátu ársfund Vinnuhússins í Færeyjum sem haldinn var í Norðurlandahúsinu í Þórshöfn 20. september. Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri SI, Sigríður Mogensen, sviðsstjóri iðnaðar- og hugverkasviðs SI, og Margrét Kristín Sigurðardóttir, almannatengsla- og samskiptastjóri SI, sátu fundinn.

Samtök iðnaðarins og fjölmörg félög innan SI eiga í samstarfi við norræn systursamtök og hittast árlega til að ræða sameiginleg hagsmunamál. Formenn norrænna heildarsamtaka iðnaðar og atvinnulífs hittast árlega og framkvæmdastjórar samtakanna funda reglulega yfir árið. Til viðbótar má nefna samstarf á sviði umhverfis- og loftslagsmála, menntamála, mál- og tæknifyrirtækja, fyrirtækja í tölvuleikjagerð, hönnuða, rafverktaka, pípulagningarmanna, blikksmiða, vinnuvélaeigenda o.m.fl.



DI Dansk Industri

NHO

SVENSKT NÄRINGSLIV

ek Confederation of Finnish Industries

DA DANSK ARBEJDSGIVERFOREN

SI Samtök iðnaðarins

samtök atvinnulífsins



30 ára afmæli SI

Samtök iðnaðarins fögnuðu 30 ára afmæli á árinu. Þessara merku tímamóta var meðal annars minnst á lönþingi SI og Árshófi SI. Iðnrekendur og atvinnurekendur í löggiltum iðn-greinum sammæltust um það í septemberlok árið 1993 að steypa saman sex helstu félögum og samtökum iðnaðar í ný heildarsamtök. Samtökin tóku formlega til starfa í janúar 1994. Þar með var tekið stórt og mikilvægt skref í framþróun atvinnugreinarinnar á Íslandi. Á þeim tíma störfuðu rúmlega 20 þúsund manns í iðnaði í samanburði við ríflega 51 þúsund manns nú. Frá stofnun hafa Samtök iðnaðarins verið öflugur málsvári íslensks iðnaðar.

Í tengslum við afmæli samtakanna var útbúið myndband um starfsemi samtakanna þar sem kemur meðal annars fram að í 30 ár hafi samtökin stuðlað að sterkum og blómlegum iðnaði á Íslandi. Félagsmönnum hafi fjölgað jafnt og þétt frá stofnun og tilheyri nú 1.800 aðildarfyrtækj samþykkuð. Þar sem fyrirtækin séu jafn fjölbreytt og þau eru mörg. Þá má nefna að á árinu var gert myndband um hetjurnar á Reykjanesi þar sem fjallað er um þegar hitaveitulagnir fóru undir hraun og brustu. Rætt er við þá sem komu að þeirri miklu framkvæmd þegar um 100 iðnaðarmenn og sérfræðingar lögðu nótt við dag að leggja nýja leiðslu yfir hraunið.

Í tengslum við afmæli samtakanna var á árinu unnið að heimildarmynd sem áformað er að frumsýna á árinu 2025.



Hugmyndalandið

Hugmyndalandið var yfirskrift á afmælisári SI sem og á lönþingi og varð þar með til frásögn af því að Ísland væri hugmyndaland umfram annað. Vakin var athygli á því hvernig hugmyndir breyta heiminum og að hugvitið geti orðið okkar dýrmætasta auðlind. Lífsgæði sem okkur þykja sjálfsögð byrja sem hugmyndir hjá fólki sem leyfa sér að dreyma, þorir að taka ákvarðanir og framkvæmir. Góð hugmynd getur orðið hluti af lífi komandi kynslóða ef hún fær að verða að veruleika. Á árinu var vakin athygli á Hugmyndalandinu með ýmsum hætti. Útbúið var myndband sem hvatti til þess að við látum hugmyndir verði að veruleika. Einnig voru gerð sex myndbönd þar sem ungt fólk sagði frá hvað væri hægt að gera í dag svo framtíðin yrði betri, og önnur sautján þar sem vakin var athygli á iðnaði um allt land og kastljósinu beint að einstökum aðildarfyrtækjum SI til að sýna þá miklu grósku og fjölbreytni sem einkennir iðnað á Íslandi.





Alþingiskosningar

Í aðdraganda alþingiskosninga vöktu SI máls á helstu áherslum iðnaðar á Íslandi undir merkjum Hugmyndalandsins. SI efndu til kosningafundar með þátttöku formanna og fulltrúa átta flokka. Með fundinum sem fór fram fyrir fullum sal í Silfurbergi í Hörpu 5. nóvember vildu samtökin leggja sitt af mörkum til uppbyggilegrar umræðu í aðdraganda alþingiskosninga um það hvernig efla megi atvinnulíf og verðmætasköpun á Íslandi og vekja athygli á þeim málefnum sem brýnust eru nú og til framtíðar. Einnig efndu samtökin til margvíslegrar útgáfu í aðdraganda kosninganna. Gefin var út bæklingur með 30 umbótatillögum samtakanna sem stuðla að aukinni samkeppnishæfni auk þess sem samtökin gáfu út upplýsingar með helstu staðreyndum um hugverkaíðnaðinn, íbúðamarkaðinn, innviði og mannaúð. Þá var framkvæmd könnun meðal félagsmanna og flokkanna um viðhorf til einstakra málefna. Í könnun meðal félagsmanna kemur fram að stjórnendur iðnfyrirtækja kalla eftir stöðugleika þar sem 92% stjórnenda segja það skipta miklu máli að næsta ríkisstjórn skapi skilyrði fyrir lækkun vaxta og verðbólgu. Í niðurstöðum könnunar meðal flokkanna kemur m.a. fram að allir flokkar vilja virkja og áforma að fullfjármagna samgönguáætlun. Einnig hafa þeir allir áform um áframhaldandi stuðning við iðn- og tækninám. Í öðrum málaflokkum kemur fram ólík sýn flokkanna, til að mynda áforma allir flokkar nema Vinstri græn að afhúða regluverk og fimm flokkar ætla ekki að heimila inngrip ríkisins í húsnæðismálum.





Stjórn SI í Washington D.C.

Stjórn Samtaka iðnaðarins ásamt framkvæmdastjóra, starfsmönnum og fyrrum stjórnarmönnum kynntu sér stefnu og strauma í Bandaríkjunum í ferð til Washington D.C. í september. Í hópnum voru 14 manns og voru stofnanir, hugveitur og fyrirtæki heimsótt.

Hópurinn átti góð samtöl við fulltrúa Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Alþjóðabankans um málefni iðnaðarins. Í samtölum við hugveitur var rætt um forsetakosningar í Bandaríkjunum sem fram fóru 5. nóvember 2024, um samkeppnishæfni, orkumál og aukna áherslu víðs vegar um heim á iðnaðarstefnu. Vel var tekið á móti hópnum á starfsstöð Kerecis í Arlington en félagið rekur umsvifamikla starfsemi í Bandaríkjunum.

Sendiherra Íslands í Bandaríkjunum, Svanhildur Hólm Valsdóttir, og hennar fólk tóku vel á móti hópnum og veittu ómetanlega aðstoð við undirbúning ferðarinnar.





Lönþing 2024

Ályktun Lönþings 2024 samþykkt á aðalfundi 7. mars

Lífskjör okkar í dag grundvallast á þáttum sem eitt sinn voru hugmyndir. Með stórhuga og áræðnum ákvörðunum fyrri áratuga var lagður grunnur að betri líf skjörum til framtíðar hér á landi og Íslandi komið í fremstu röð meðal þjóða. Við stöndum frammi fyrir fjölmörgum áskorunum og til þess að leysa þær þarf að taka stórar og mikilvægar ákvarðanir sem framtíðarkynslóðir munu njóta góðs af. Það er undir okkur komið að taka af skarið og sækja tækifærin sem öll hefjast með hugmynd.

Það er í þágu samfélagsins alls að íslenskur iðnaður sé samkeppnishæfur og að starfsumhverfi fyrirtækja á Íslandi sé skilvirkt, hagkvæmt og stöðugt. Íþyngjandi regluverk dregur úr samkeppnishæfni Íslands. Í nýlegri könnun Maskínu kemur í ljós að 77% aðspurðra í iðnaði telja regluverk meira íþyngjandi nú en fyrir áratug síðan. Gullhúðun á evrópuregluverki er of algeng hér á landi. Snúa þarf við blaðinu í innleiðingu á regluverki EES með því að einfalda eða afnema séríslenskar reglur.

Efnahagslegur stöðugleiki er stórt hagsmunamál iðnaðar. Há verðbólga og háir vextir hafa neikvæð áhrif á rekstur fyrirtækja sem og á hag almennings og hins opinbera. Brýnt er að ná tökum á hagstjórinni þannig að verðbólga

lækki og forsendur skapist fyrir lækkun vaxta og stöðugleika til lengri tíma. Eftirspurn í hagkerfinu er mikil, meðal annars vegna vaxtar ýmissa atvinnugreina og mikillar fólksfjölgunar. Það á því að vera algjört forgangsmál nú að styrkja framboðshlið hagkerfisins til viðbótar við aðgerðir sem hæggja á eftirspurn. Þetta er meðal annars gert með uppbyggingu innviða, þ.m.t. íbúða, auknu framboði af raforku og með því að fjölga iðn- og tækni- og raungreinamenntuðum (STEAM) á vinnumarkaði.

Staða orkumála á Íslandi er grafalvarleg. Framboð raforku mætir ekki núverandi þörf samfélagsins, m.a. iðnaðar og almennings, en sú staða er þegar orðin dragbítur á verðmætasköpun og farin að hafa neikvæð áhrif á samfélagið allt. Þá eru ótalin fjölmörg uppbyggingaráform um land allt sem eru stöðnuð vegna skorts á raforku. Þrátt fyrir metnaðarfull markmið um orkuskipti á Íslandi hefur olíunotkun aukist. Rjúfa verður áralanga kyrrstöðu í uppbyggingu virkjana og styrkja raforkuinnviði landsins í þágu öryggis og skilvirkni og bættrar orkunýtingar. Skömmun og miðstýring mun ekki leysa þann vanda sem blasir við í raforkumálum landsins.

Uppsöfnuð viðhaldsskuld innviða nemur yfir 400 milljörðum króna, samkvæmt skýrslu SI og Félags ráðgjafarverkfræðinga. Náttúruöflin – veður, ofanflóð og jarðhræringar – hafa undanfarin ár minnt landsmenn á mikilvægi örugggra innviða. Lönþing skorar á stjórnvöld að fjárfesta í innviðum landsins í takti við þörf samfélagsins og einfalda regluverk í þágu uppbyggingar.

Of fáar íbúðir hafa verið byggðar undanfarin ár miðað við þarfir samfélagsins. Framboðsskortur þrýstir verði upp sem ýtir undir verðbólgu og þar með fjármagnskostnað. Breytta hugsun þarf í skipulagsmálum til að taka tillit til hraðrar fjölgunar landsmanna og sveitarfélög þurfa að stórauка framboð af lóðum. Ríkisvaldið þarf að beita sér af enn meiri krafti til að greiða götu húsnæðisuppbyggingar. Halda þarf áfram að þróa stafrænar lausnir í kringum feril húsnæðisuppbyggingar til að auka skilvirkni og koma böndum á þá upplýsingaóreiðu sem ríkt hefur í mála-flokknum.

Mikill skortur er á iðn- og tækni menntuðum á vinnumarkaði. Menntakerfið hefur ekki mætt þörfum iðnaðar og því hefur þurft að laða alþjóðlega sérfræðinga með

færni til landsins til að skapa verðmæti hér. Um 600-1.000 umsóknum um iðnnám er hafnað ár hvert og 9.000 sérfræðinga vantar til starfa í hugverkaiðnaði næstu fimm árin. Auka þarf fjármagn til iðn- og tæknináms og byggja upp betri aðstöðu til að mennta aukinn fjölda nemenda. Niðurstöður PISA kannana benda til þess að áttak þurfi í grunnmenntun með áherslu á lestur og stærðfræði. Með því að opna skólakerfið fyrir menntatækni og samstarfi við einkaaðila um námsgagnagerð er hægt að bæta úr og þurfa stjórnvöld að greiða götu slíkra lausna inn í skólakerfið.

Á fáeinum árum hefur hugverkaiðnaður vaxið mjög og er nú fjórða stoð útflutnings. Með því að skapa áframhaldandi góð skilyrði til fjárfestingar í nýsköpun hér á landi sem leiðir til þess að stórum hugmyndum er hrint í framkvæmd gæti hugverkaiðnaður orðið verðmætasta stoð útflutnings við lok þessa áratugar. Skattahvatar vegna rannsókna og þróunar hafa skipt sköpum við að efla hugverkaiðnað og festa þarf núverandi fyrirkomulag í sessi til að tryggja fyrirsjáanleika og gefa fyrirtækjum möguleika á því að skipuleggja fjárfestingar og starfsemi fram í tímann.



Stefna SI til 2025

Samtök iðnaðarins vinna eftir stefnu sem stjórn SI samþykkti fyrir árabilið 2022 til 2025.

Í samræmi við stefnu Samtaka iðnaðarins verður lögð áhersla á græna iðnbyltingu á næstu árum. Árið 2022 var helgað grænni iðnbyltingu þar sem áhersla var lögð á umhverfis- og loftslagsmál. Framundan eru verkefni sem

kalla á að starfsumhverfi fyrirtækja verði eflað á þessu sviði þannig að markmiðum stjórnvalda um kolefnis- hlutlaust og jarðefnalaust Ísland verði náð fyrir árið 2040. Framtíðarsýn samtakanna er skýr í þessum málum og felst í því að Ísland sé og verði áfram fyrirmynd annarra þjóða í umhverfis- og orkumálum sem mun skapa íslenskum iðnaði samkeppnisforskot. Sú sýn er einnig í samræmi við áherslur aðildarfyrirtækja að SI verði leiðandi afl á þessu sviði og í opinberri umræðu.



Fjölbreyttir viðburðir

Samtök iðnaðarins stóðu fyrir fjölmörgum viðburðum á árinu. Líkt og undanfarin ár voru viðfangsefni viðburðanna margvísleg og spönnuðu breitt svið. Auk eigin funda og viðburða tóku samtökin þátt í ýmsum viðburðum í samvinnu við aðra.



Útboðsþing SI

Árlegt Útboðsþing SI fór fram í Háteig á Grand Hótel Reykjavíkur þar sem fulltrúar 10 opinberra verkkaupa kynntu fyrirhuguð útboð og fjárfestingar verklegra framkvæmda á árinu. Þar kom fram að samantlagt væru áætlaðar verklegar framkvæmdir hins opinbera samtals 204 milljarðar króna



Framleiðsluþing SI

Íþyngjandi regluverk á færribandi var yfirskrift Framleiðsluþings SI sem fór fram í Kaldalóni í Hörpu 25. janúar. Á þinginu sem var vel sótt var sjónum beint að hagsmunagæslu Íslands gagnvart ESB, gullhúðun laga og regluverks og framkvæmd eftirlits á vegum stofnana ríkisins.



Verk og vit

Meistaradeild SI tók þátt í stórsýningunni Verk og vit sem stóð yfir dagana 18.–21. apríl í Laugardalshöllinni. Um 25 þúsund gestir heimsóttu sýninguna. Samtök iðnaðarins stóðu fyrir ráðstefnu fyrir opnun sýningarinnar þar sem rætt var um stöðu samgönguinnviða. Einnig buðu Samtök iðnaðarins hátt í 1.800 grunnskólanemendum í 10. bekk á sýninguna.

Iðnþing SI

Iðnþing SI fór fram í Silfurbergi í Hörpu 7. mars. Hugmyndalandið var yfirskrift þingsins sem fór fram fyrir fullum sal af fólki en um 450 manns mættu á þingið auk þess sem þingið var í beinni útsendingu. Um var að ræða 30 ára afmælisþing SI þar sem rætt var um hugmyndalandið Ísland og mikilvægar ákvarðanir í fortíð og framtíð.

Árshóf SI

Hátt í 400 gestir fylltu Silfurberg í Hörpu í árshófi SI sem haldið var 8. mars. 30 ára afmæli samtakanna var fagnað með fordrykk, þriggja rétta máltíð og skemmtiatriðum fram eftir kvöldi sem endaði með dansleik.



Hraðstefnumót SSP og SI í Nýsköpunarvikunni

Samtök sprotafyrirtækja og Samtök iðnaðarins tóku þátt í Nýsköpunarvikunni, Iceland Innovation Week, með hraðstefnumóti sem fór fram 16. maí undir yfirskriftinni The Bold and the Beautiful: Iceland Startup-Industry Speed Dating. Viðburðurinn fór fram í pop-up rými á Hafnartorgi.

Menntadagur atvinnulífsins

Göngum í takt – er menntakerfið að halda í við þarfir atvinnulífsins? var yfirskrift á Menntadegi atvinnulífsins sem fór fram í Norðurljósum í Hörpu 14. febrúar. Elko var valið Menntafyrirtæki ársins og Bara tala hlaut Menntasprotann 2024.



Frá afhendingu Vaxtarsprotans í Grasagarðinum í Laugardal. Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, Ellen María Schweitz Bergsveinsdóttir, stjórnarmaður í Samtökum sprotafyrirtækja, Ásthildur Otharsdóttir, stjórnarformaður Ankeris, Alexander Jóhannuson, stjórnarformaður Samtaka sprotafyrirtækja, Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðgjafi, Ragnhildur Helgadóttir, rektor Háskólans í Reykjavík, Markús Máni M. Maute, framkvæmdastjóri Abler, Erla Tinna Stefánsdóttir, viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði Samtaka iðnaðarins, Jóhann Ólvir Guðmundsson, tæknistjóri Abler, og Ólöf Vigdís Ragnarsdóttir, forstöðumaður nýsköpunar og atvinnulífstengsla hjá Háskólanum í Reykjavík.

Vaxtarsprotinn

Vaxtarsproti ársins var afhentur í Flórunni í Grasagarðinum í Laugardal. Abler fékk viðurkenninguna fyrir 109% vöxt í veltu milli ára. Þáverandi háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðgjafi, Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, afhenti Vaxtarsprotann. Ankeri Solutions hlaut einnig viðurkenningu fyrir góðan vöxt í veltu. Vaxtarsprotinn er samstarfsverkefni Samtaka iðnaðarins, Samtaka sprotafyrirtækja, Háskólans í Reykjavík og Rannsóknarmiðstöðvar Íslands. Þetta er í 18. skiptið sem viðurkenningarnar eru veittar en tilgangur verkefnisins er að vekja athygli á góðum árangri sprotafyrirtækja í örum vexti og skapa þannig aukinn áhuga og skilning á uppbyggingarstarfi þessara fyrirtækja.



Orkuskipti

Samtök iðnaðarins, Samorka, Landsvirkjun, EFLA og Grænvangur stóðu fyrir fundi í Kaldalóni í Hörpu 14. nóvember þar sem kynntar voru nýjar upplýsingar á vefnum Orkuskipti.is.

Umhverfisdagur atvinnulífsins

Atvinnulífið leiðir var yfirskrift Umhverfis dags atvinnulífsins sem fór fram í Norðurljósum í Hörpu 22. október. BM Vallá var valið Umhverfisfyrirtæki ársins og KAPP hlaut viðurkenningu fyrir framtak ársins á sviði umhverfismála.



Frá afhending viðurkenningar Samtaka iðnaðarins, talið frá vinstri, Ingvar Hjalmarsson framkvæmdastjóri Nox Medical og formaður Hugverkaráðs SI, Erla Tinna Stefánsdóttir, viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði SI, Róbert Wessman, stofnandi og forstjóri Alvotech, Guðmundur Fertram Sigurjónsson, stofnandi og forstjóri Kerecis, Sigríður Mogensen, sviðsstjóri iðnaðar- og hugverkasviðs SI, og Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri SI.

Geisli – viðurkenning SI til fyrstu íslensku einhyrninganna

Stofnendur og forstjórar tveggja fyrirtækja sem teljast til svokallaðra einhyrninga tóku við Geisla, sérstakri viðurkenningu Samtaka iðnaðarins, fyrir ómetanlegt framlag til íslensks atvinnulífs og verðmætasköpunar í landinu 13. desember. Með þessari nýju viðurkenningu vilja Samtök iðnaðarins varpa ljósi á mikilvægi hugverkaiðnaðarins fyrir hagkerfið, hlutdeild greinarinnar í útflutningstekjum þjóðarbúsins og nauðsyn þess að fyrirtæki í greininni geti áfram vaxið.

Meðal annarra viðburða sem haldnir voru á árinu með aðkomu SI:

- Vinnustofa um vistvænni steypu – SI
- Svansvottaðar byggingaframkvæmdir – Iðan, SI
- Kaka ársins – Landssamband bakarameistara
- Mentor-fundur Yngri ráðgjafa – Félag ráðgjafarverkfræðinga
- Kynning á Tækniþróunarsjóði – Samtök sprotafyrirtækja, Rannís
- Áherslumál í mannvirkjaiðnaði – SI og Konur í mannvirkjaiðnaði
- Umhverfisskilyrði í útboðum – SI, Grænni byggð, Ríkiskaup, HMS
- Öflugt atvinnulíf í Árborg – SI
- Menntatækni – Samtök menntatækniyrirtækja
- Samspil vetnis og vinds – Vetnis- og rafeldsneytissamtökin
- Íslenskt námsefni – Samtök menntatækniyrirtækja
- Brunahólfandi innihurðir – SI, HMS, DBI
- Staða íbúðauppbyggingar – SI, HMS
- Íbúðauppbygging á Austurlandi – SI, HMS, Tryggð byggð
- Frumtak Ventures og Íslandsstofa – Samtök sprotafyrirtækja

Sterkur bakhjarl

Samtök iðnaðarins koma að framkvæmd og styðja margskonar verkefni í samstarfi við aðra í þeim tilgangi að styðja fjölbreytt málefni sem varða hag íslensks iðnaðar.



Framfarasjóður SI

Framfarasjóður SI veitti tveimur verkefnum styrki samtals að upphæð 5,5 milljónir króna. Málmur og Tækniskólinn hlutu 3,5 milljóna króna styrk til að vinna að gerð námskrár þannig að Tækniskólanum verði gert kleift að bjóða upp á námsbraut í kælitækni og Háskóli Íslands hlaut 2 milljóna króna styrk vegna NordYk, ráðstefnu norrænna samtaka um rannsóknir á starfsmenntun.



Íslensku menntaverðlaunin

Íslensku menntaverðlaunin voru afhent á Bessastöðum 5. nóvember. Í flokki framúrskarandi iðn- og verkmenntunar hlaut Verkmenntaskóli Austurlands viðurkenningu fyrir að að efnu til samstarfs við grunnskólana í Fjarðabyggð um framboð á fjölbreyttum verklegum valgreinum. Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri SI, afhenti verðlaunin.



Grænvangur

Grænvangur er samstarfsvettvangur atvinnulífs og stjórnvalda. Framkvæmdastjóri SI er formaður Grænvangs. Í tengslum við fyrstu ríkisheimsókn forseta Íslands til Danmerkur í september skipulögðu Samtök iðnaðarins, Grænvangur, Íslandsstofa o.fl. ferð viðskiptasendinefndar til Kaupmannahafnar og ráðstefnu sem vel á annað hundrað leiðtogar úr íslensku og dönsku atvinnulífi sóttu. Forseti Íslands er verndari Grænvangs en frá því var greint á ráðstefnunni.



Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands

Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands eru veitt árlega þeim námsmönnum sem hafa unnið framúrskarandi starf við úrlausn verkefnis sem styrkt var af Nýsköpunarsjóði námsmanna. SI styrkja Nýsköpunarsjóð námsmanna við veitingu Nýsköpunarverðlauna forseta Íslands.

Klak

Klak hjálpar frumkvöðlum að raungera hugmyndir sínar, fjölga sprotafyrirtækjum sem byggja á hugviti og eykur þannig sjálfbæra verðmætasköpun Íslands. Svíðsstjóri iðnaðar- og hugverkasviðs SI er formaður stjórnar Klaks.

Nýsköpunarmót Álklasans

Nýsköpunarmót Álklasans fór fram 14. mars en mótið, sem er haldið árlega, er samstarfsverkefni Álklasans, Samtaka álframleiðenda, Samtaka iðnaðarins, Háskólans í Reykjavík, Háskóla Íslands og Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Að þessu sinni fór mótið fram í Háskóla Íslands þar sem flutt voru erindi og afhentar hvatningarviðurkenningar.



Team Spark

SI eru bakhjarl Team Spark sem er lið nemenda við HÍ sem hanna og smíða rafkappakstursbíla til keppni á alþjóðlegum vettvangi í Formula Student keppninni þar sem lið frá mörgum af bestu tækniháskólum heims keppast um að smíða besta kappakstursbílinn. Liðsmenn Team Spark hafa haldið kynningar í grunnskólum landsins, kynnt námið sitt og hvernig það tengist hönnun bílsins.

First Lego League

Samtök iðnaðarins styrkja lið Garðaskóla til að taka þátt í alþjóðlegri tækni- og hönnunakeppni First Lego League.





Öflugt samfélag

Mannauður

Mennta- og mannauðsmál eru grunnstoðir í því að efla framtíðarhagvöxt og samkeppnishæfni Íslands. Samtök iðnaðarins leggja mikla áherslu á umbætur í menntakerfinu til að tengja betur saman færni mannauðsins og þarfir atvinnulífsins á skilvirkan og hagkvæman hátt.

Skortur á iðnmenntuðu starfsfólki

Þrátt fyrir metfjölda nýsveina á árinu 2024, þegar 900 nemendur luku sveinsprófi, nægir það ekki til að mæta vaxandi eftirspurn á vinnumarkaði. Hlutfall ungmenna í iðnnámi á Íslandi er aðeins 31% samanborið við 44% að meðaltali í OECD-ríkjum. Aðeins 40% nemenda ljúka námi á tilsettum tíma, samanborið við 62% í OECD-ríkjum. Þetta veldur alvarlegum skorti á iðnmenntuðu starfsfólki í lykilgreinum á vinnumarkaði. Árlega er 600–1.000 nemendum synjað um pláss í iðnnámi vegna fjárskorts og takmarkaðs húsnæðis. Það er jákvætt að ný bygging Tækniskólans er hafin auk þess sem undirritað hefur verið samkomulag um nokkrar stækkanir við verknámsskóla víðs vegar um landið. Þessar framkvæmdir eru mikilvægt skref til að auka aðgengi að iðnnámi og bæta aðstöðu fyrir nemendur.

Greiningar sem Samtök iðnaðarins gerðu á árinu sýna að 48% iðnfyrirtækja glíma við skort á starfsfólki, þar af vantar 56% iðnmenntaða starfsmenn. Fyrirtæki í pípulögnum þurfa 360 nýja starfsmenn á næstu fimm árum en aðeins 35 ljúka sveinsprófi árlega. Fyrirtæki í rafíðnaði þurfa 800 nýja

rafvirkja á sama tímabili en það útskrifast 160 nemar að meðaltali á ári. Í ljósi þeirra áskorana sem eru í orkumálum, orkuskiptum og innviðauppbýggingu sem þjóðfélagið stendur frammi fyrir er nauðsynlegt að færniþörf sé mætt.

Framhaldsfræðsla gegnir lykilhlutverki í að mæta þörfum atvinnulífsins og einstaklinga. SI hafa lagt áherslu á að gera raunfærnimat aðgengilegt á bæði íslensku og erlendum tungumálum sem auðveldar einstaklingum að nýta fyrri starfsreynslu til frekari menntunar og flýti fyrir námslokum.

Hlutfall fullorðinna sem ekki hafa lokið námi á framhaldsskólastigi hefur aukist úr 21% árið 2020 í 22% árið 2023. Þessar tölur endurspeglar breyttar samfélagsaðstæður og fjölgun innflytjenda sem hefur áhrif á vinnumarkaðinn. SI hafa lagt áherslu á að framhaldsfræðslan þróist með breiðu samráði til að mæta samfélagsþróun og efla verðmætastöðun, svo sem tæknivæðingu.

Nemastofa sem stofnuð var 2021 að ósk stjórnvalda hefur veitt iðnnemum mikilvæga þjónustu með stuðningi stjórnvalda og gegnir lykilhlutverki í að efla starfsnám á Íslandi. SI hafa talað fyrir því að Nemastofa fái áframhaldandi fjármögnun og aukið starfssvið, þar á meðal heimild til að stofna rafrænar ferilbækur fyrir nemendur 23+ ára og þá sem fara í raunfærnimat og þá sem hefja iðnnámið sitt á vinnustað. Þannig er nemendum gert kleift að hefja vinnustaðanám hvenær sem er. Þetta skref er sérstaklega mikilvægt í greinum þar sem endurnýjun starfsfólks er brýn.

Þörf á eflingu STEAM-menntunar

Háskólar og rannsóknarstofnanir gegna lykilhlutverki í að efla samkeppnishæfni Íslands og mæta kröfum framtíðarinnar. Fjölga þarf útskrifuðum í STEAM-greinum og skapa hvata fyrir nemendur og skóla. Samkvæmt könnun sem Outcome gerði fyrir Samtök iðnaðarins þarf að fjölga starfsfólki um 9.000 í hugverkaiðnaði á næstu fimm árum til að mæta vexti. Hlutfall útskrifaðra úr STEAM-greinum er aðeins 25%, samanborið við yfir 30% í OECD-ríkjum. Ísland stendur höllum fæti í vísindum og verkfræði og er í 93. sæti hvað varðar útskrifaða á því sviði.

Samtök iðnaðarins hafa hvatt stjórnvöld til að nýta menntatæknilausnir sem hafa sannað sig á alþjóðavísu. Slíkar lausnir bæta námsárangur í lykilgreinum, auka gæði námsgagna og bjóða upp á sérhæfð úrræði. Fjárfesting í viðurkenndri tækni hraðar umbótum sem eru nauðsynlegar til að mæta þörfum atvinnulífsins og samfélagsins.

Samskipt menntunar og atvinnulífs tryggir að námsframboð fylgi tækniframförum og undirbúi nemendur fyrir framtíðarstörf, sérstaklega í hugverkaiðnaði, hátækniiðnaði og BIM-framkvæmdum. Þetta stuðlar að skilvirkari ferlum, sparar þjóðfélagslegan kostnað og eykur framleiðni. Með slíkri stefnu má byggja grunn að sjálfbærri þróun og tæknilegum framförum sem styrkja stöðu Íslands til framtíðar.

Bein aðkoma SI að menntastofnunum



Meðal samstarfsaðila SI í menntamálum má nefna:





Öflugt samfélag

Innviðir

Samtök iðnaðarins beita sér fyrir umbótum á innviðum landsins þar sem stefnt er að því að þeir uppfylli þarfir atvinnulífs og almennings. Mikilvægt er að innviðir séu í góðu standi en þeir leika lykilhlutverk í verðmæta-sköpun iðnfyrirtækja. Framtíðarsýn stjórnar SI felst í því að innviðir Íslands séu samkeppnishæfir við það sem best gerist í öðrum löndum.

Á Útboðsþingi 2024, sem haldið er í samstarfi við Samtök innviðaverktaka og Mannvirki – félag verktaka, í upphafi árs voru kynnt áform tíu opinberra aðila um fyrirhuguð útboð fyrir 203 milljarða króna, en í lok árs höfðu aðeins útboð fyrir 134,5 milljarða króna raungerst. Mestur munur var á fyrirhuguðum útboðum og raunútboðum hjá Landsvirkjun árið 2024, eða 62 milljarðar króna. Öðrum opinberum verkkaupum tókst heilt yfir að koma boðuðu fjármagni í útboð en ekki endilega boðuðum verkefnum. Í tilefni af Útboðsþingi fjölluðu samtökin einnig um mikilvægi stöðugleika og skilvirks starfs-umhverfis en lögð var áhersla á útgáfu samtakanna um 12 mikilvæg atriði um framkvæmd útboða.

Kosningar mörkuðu starf og áherslur samtakanna á árinu en þar voru innviðir og húsnæðismál mikið til umræðu. Í aðdraganda kosninga gáfu samtökin út skýr skilaboð og lögðu til nauðsynlegar umbótatillögur í þessum málum. Viðhaldi og uppbyggingu innviða hefur ekki verið sinnt nægjanlega vel á síðustu árum. Uppsöfnuð viðhaldsskuld í innviðakerfinu nam 420 milljörðum króna árið 2021 og hefur aukist síðan. Hvað nýfjárfestingar varðar hefur illa gengið að fylgja eftir stefnu stjórnvalda þrátt fyrir góð áform. Skortur hefur verið á fyrirsjáanleika í framkvæmdum og getu stjórnvalda til að koma verkefnum í framkvæmd. Skapa þarf stöðugleika í nýfjárfestingum og viðhaldi innviða milli ára.

Ráðstefna SI um fjárfestingu í samgönguinnsviðum á Íslandi var haldin á árinu í tilefni af opnun stórsýningarinnar Verk og vit 18. apríl. Þar var fyrst og fremst fjallað um nýfjárfestingu og lögðu samtökin fram áherslur sínar varðandi endurskoðun laga og ferla við beitingu samvinnuleiðar.

Þá unnu samtökin, í samstarfi við Samtök innviðaverktaka, sérstaka greiningu undir yfirskriftinni Fyrirsjáanleiki í opinberum framkvæmdum sem sýnir að með auknum fyrirsjáanleika, minni sveiflum í umsvifum opinberra framkvæmda

á milli ára og skilgreindari undirbúningstíma má draga úr kostnaði í opinberum framkvæmdum. Stjórnendur segja að fyrirtæki þeirra gæti boðið nær 11% lægra í opinberar framkvæmdir ef fyrirsjáanleiki væri til staðar. Þetta er umtalsvert og gæti skilað 19 milljarða króna sparnaði í opinberum útboðum.


Á árinu hófst vinna við nýja innviðaskýrslu sem gefin verður út árið 2025. Um er að ræða þriðju skýrsluna sem unnin er í samstarfi við Félag ráðgjafarverkfræðinga en síðasta skýrsla var gefin út árið 2021.

Í umsögn SI um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2025 lýstu samtökin yfir ánægju yfir að auka ætti við framlög til samgöngumála og bentu á að þrátt fyrir mikilvægi sterkra vegasamgangna og fjárfestinga í vegakerfinu hefði ekki verið fjárfest nægjanlega í kerfinu undanfarin ár og viðhaldi þess ekki sinnt sem skyldi. Stjórnvöldum tókst því miður ekki að afgreiða samgönguáætlun á árinu sem dregur úr fyrirsjáanleika í framkvæmdum á þessu sviði.

Í aðraganda kosninga drógu samtökin saman helstu áherslur varðandi húsnæðismálin. Umbótatillögur SI fólu í sér að flyta

skipulagsferlum og heimila inngríp ríkisins við tiltekna aðstæður, til dæmis við endurskoðun svæðisskipulags. Auk þess að einfalda regluverk húsnæðisuppbyggingar og endurskoða eftirlit til að auka skilvirkni, auka framboð lóða fyrir húsnæðisuppbyggingu með því að flyta fyrir uppbyggingu á landi í eigu ríkisins og gera ríkari kröfur til sveitarfélaga um úthlutanir á lóðum. Þá hafa samtökin bent á að skipuleggja þarf húsnæðisuppbyggingu lengra fram í tímann og hækka endurgreiðsluhlutfall virðisaukaskatts, vegna vinnu við uppbyggingu húsnæðis, til að hvetja til uppbyggingar íbúða.

Samkvæmt greiningum sem SI gáfu út á árinu er ljóst að íbúðauppbýgging stefnir í öfuga átt og framundan er umtalsvert ójafnvægi á íbúðamarkaði sökum þess að of fáar íbúðir eru byggðar. Samtökin hafa ítrekað lýst yfir miklum áhyggjum af lóðaskorti auk þess að tala fyrir endurskoðun á vaxtamörkum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu í þeim tilgangi að fjölga lóðum sem hægt er að nýta í hagkvæmari uppbyggingu. Jákvæð skref hafa verið tekin á árinu til að bæta þá upplýsingaöreiðu sem ríkt hefur um langt skeið um húsnæðismarkaðinn og samtökin munu áfram leggja áherslu á innleiðingu bættra ferla og gagna í þeim efnum.



Öflugt samfélag

Nýsköpun

Samtök iðnaðarins hafa á síðustu árum lagt ríka áherslu á eflingu á umgjörð og skilyrðum til nýsköpunar á Íslandi, með sérstaka áherslu á hvata til fjárfestinga í rannsóknum og þróun sem eykur verðmætasköpun og útflutningstekjur til framtíðar.

Árið 2024 var stærsta hugverkaár Íslandssögunnar en samkvæmt greiningu sem samtökin gáfu út á árinu er ljóst að hagkerfi Íslands er að verða hugverkadrifið og útflutningstekjur hugverkaiðnaðar hafa tvöfaldast á aðeins fimm árum. Mestu máli skiptir í því samhengi sú verðmætasköpun sem á sér stað þar sem framleiðni í hugverkaiðnaði er almennt meiri en gengur og gerist í öðrum geirum. Framleiðni og lífskjör þjóða haldast í hendur. Þá geymir hugverkaiðnaður stærstu tækifærin til framtíðar lítið á Íslandi. Tækifærin eru óþrjótandi ef rétt er haldið á spilunum og mikið hagsmunamál fyrir alla þjóðina að mótuð sé skýr framtíðarsýn í málefnum hugverkaiðnaðar.

Samtökin lögðu áfram áherslu á skattahvata vegna fjárfestinga í rannsókna- og þróunarverkefnum fyrirtækja í hugverkaiðnaði en kerfið er burðarstólpi í stuðningsumhverfi nýsköpunar. SI lögðu ríka áherslu á að breytingar yrðu

gerðar á frumvarpi um breytingar á lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki sem þáverandi fjármálaráðherra lagði fram undir lok seinasta löggjafarþings, haustið 2024, enda hætt við að tækifærum og vexti hugverkaiðnaðar yrði teft í tvísýnu og mörgum fyrirtækjum þætti hag sínum betur borgið í öðrum löndum. Alþingi samþykkti að lokum að mestu óbreytt fyrirkomulag skattahvata.

Mikil vaxtartækifæri eru enn fyrir hendi í hugverkaiðnaði og hafa SI spáð því að greinin verði verðmætasta útflutningsstoð Íslands við lok þessa áratugar. Áskoranir blasa þó við, m.a. hvað varðar framboð af alþjóðlegum sérfræðingum í tækni- og hugverkaiðnaði og þá er nauðsynlegt að efla íslenskt menntakerfi samhliða.

Samtökin tóku þátt í og stóðu fyrir ýmsum viðburðum á árinu sem sneru að nýsköpun og eflingu hugverkaiðnaðar og voru meðal annars fyrirferðarmikil í Nýsköpunarvikunni. Þá stóðu samtökin fyrir viðburði í árslok þar sem tveimur aðildarfyrirtækjum SI voru afhentar viðurkenningar fyrir að ná þeim effirtektarverða árangri að teljast til svokallaðra einhyringa, en einhyrningar eru einkarekin fyrirtæki sem stunda rannsóknir og þróun og eru verðmetin á yfir milljarð dollara fyrir skráningu á markað. Hugverkaiðnaður er fjölbreyttur og innan SI eru

félög sem hafa alla burði til þess að verða einhyrningar og skapa gríðarleg verðmæti og útflutningstekjur í þágu hagkerfis Íslands og samfélagsins alls.

Nýsköpun í matvælaíðnaði hefur verið áherslumál samtakanna undanfarin ár enda leynast fjölmörg tækifæri á því sviði fyrir íslensk fyrirtæki. SI eru aðili að EEIG, Ecotrophelia Europe, sem heldur evrópska nýsköpunarkeppni matvæla ár hvert. Verkefnið er unnið í samstarfi við matvæla- og næringarfræðideild Háskóla Íslands þar sem áfangi í nýsköpun matvæla gengur út á að þróa nýja umhverfissvæna afurð.

SI taka þátt í ýmsum samstarfsverkefnum á sviði nýsköpunar. SI eru einn af eigendum KLAKE - Icelandic Startups með það að markmiði að styðja við uppbyggingu á stuðningsumhverfi frumkvöðla og nýsköpunar á fyrstu stígum og er sviðsstjóri iðnaðar- og hugverkasviðs SI stjórnarformaður KLAKE. SI koma einnig að Hringiðu sem bakhjarl en um er að ræða hraðal á vegum KLAKE fyrir sprota sem þróa grænar og umhverfissvænar lausnir. Þá situr sviðsstjóri iðnaðar- og hugverkasviðs í stjórn Nýsköpunarsjóðsins Kríu. SI tilnefna fulltrúa og varafulltrúa í stjórn Tækniþróunarsjóðs. Auk þess eru fulltrúar SI í fagráðum Tækniþróunarsjóðs en fagráðin meta umsóknir um styrki. Þá sitja fulltrúar aðildarfyrirtækja SI

í Vísinda- og nýsköpunarráði en hlutverk ráðsins er að veita ráðherranefnd um vísindi og nýsköpun ráðgjöf um stefnu- mótun og samhæfingu á sviði vísinda, tækniþróunar og nýsköpunar hér á landi svo að styrkja megi íslenskt þekkingar- samfélag og auka samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs.

Hugverkaráð SI leiðir málefnavinnu nýsköpunar og hugverkaiðnaðar en í ráðinu sitja fulltrúar starfsgreinahópa tölvu- leikjaiðnaðar, menntatækni, upplýsingatækni, gagnavers- iðnaðar, líf- og heilbrigðistækni, hátækni og sprotafyrirtækja. Helstu áherslumál Hugverkaráðs SI eru starfsumhverfi hugverkaiðnaðar heilt yfir, þar á meðal skattahvatarannsókn- og þróunar, framboð alþjóðlegra sérfræðinga, mennta- og mannauðsmál og efling tækniinnviða hér á landi.



Öflugt samfélag

Starfsumhverfi

Samtök iðnaðarins beita sér fyrir að starfsumhverfi fyrirtækja sé samkeppnishæft og renni þannig stoðum undir öflugan iðnað hér á landi. Samtökin hafa lagt áherslu á að starfsumhverfið sé stöðugt, hagkvæmt og skilvirkt í samanburði við starfsumhverfi fyrirtækja í löndum samkeppnisaðila.

Á árinu lögðu Samtök iðnaðarins sérstaka áherslu á starfsumhverfi iðnfyrirtækja með tilliti til íþyngjandi regluverks og eftirlits. Framleiðsluþing SI var haldið í byrjun árs þar sem kynntar voru niðurstöður könnunar sem samtökin lögðu fyrir stjórnendur iðnfyrirtækja innan raða samtakanna um viðhorf þeirra til regluverks og eftirlits. Sjónum var beint að hagsmunagæslu Íslands gagnvart ESB, gullhúðun laga og regluverks og framkvæmd eftirlits á vegum opinberra stofnana. Samtökin lögðu áherslu á að með einföldu regluverki og eftirliti sem er fyrirsjáanlegt er framleiðni aukin í hagkerfinu og samkeppnishæfni fyrirtækja betur tryggð.

Á árinu bentu samtökin ítrekað á neikvæð áhrif gullhúðunar og mikilvægi þess að ganga ekki lengra en þörf krefur við

innleiðingu á regluverki Evrópusambandsins í gegnum EES eða séríslensk lög. Samtökin komu á framfæri sjónarmiðum þess efnis bæði í umsögnum sínum um ýmis þingmál, þar á meðal ábendingar samtakanna til starfshóps um aðgerðir gegn gullhúðun, ásamt greinaskrifum og viðtölum í fjölmiðlum.

Skattspor iðnaðarins, þ.e. framlag iðnaðarins til samfélagsins í formi skattgreiðslna, er umfangsmikið enda greinin stór hér á landi. Heildarskattspor iðnaðar nam 462 milljörðum króna árið 2022 samkvæmt niðurstöðum Reykjavík Economics en samtökin fengu á árinu fyrirtækið til þess að reikna skattspor iðnaðarins með sambærilegum hætti og hefur verið gert fyrir aðrar atvinnugreinar. Þröngt skattspor iðnaðarins er 213 milljarðar króna og er það stærst allra útflutningsgreina.

Samtökin bentu á það á árinu að greinin og þau fyrirtæki sem hana mynda eru hins vegar ekki botnlaus brunnur skatttekna fyrir hið opinbera. Álögur á íslensk fyrirtæki eru af ýmsum toga og margar mjög íþyngjandi fyrir atvinnulífið. Háir skattar og gjöld eru byrði á fyrirtækin og draga úr samkeppnishæfni þeirra. Með lækkun þessara álaga má efla fyrirtækin til aukinnar verðmætasköpunar. Stefna stjórnvalda þar sem

leiðarljósið er lágir skattar og gjöld í samanburði við helstu samkeppnislönd eflir samkeppnishæfni fyrirtækja. Í greiningu samtakanna sem kom út á árinu er bent á að Ísland er komið á topp 12 listann meðal OECD ríkjanna þegar kemur að umsvifum hins opinbera. Útgjöld hins opinbera á Íslandi námu rúmlega 46% af vergri landsframleiðslu (VLF) skv. tölum OECD árið 2022. Umfang hins opinbera hefur farið vaxandi undanfarna áratugi en vaxandi útgjöld hafa kallað á umfangsmeiri skattheimtu en áður. Á árinu bentu SI m.a. sérstaklega á það að fasteignaskattar á atvinnuhúsnæði hafa orðið sífellt meira íþyngjandi fyrir atvinnurekendur á síðustu árum og að full þörf er á að draga úr þeim álögum.

Í aðdraganda Alþingiskosninga á árinu lögðu samtökin fram 30 tillögur til að auka samkeppnishæfni Íslands undir yfirskriftinni Hugmyndalandið. Þar var m.a. bent á að til að skapa skilyrði fyrir efnahagslegt jafnvægi þarf að leggja áherslu á samkeppnishæfni og aukna framleiðni með því að aðlaga regluverk að nýjum atvinnugreinum, þar sem regluverk þarf að taka mið af framþróun samfélags og atvinnulífs, auka gagnsæi í innheimtu gjalda eftirlitsstofnana ásamt því að sameina ríkisstofnanir með aukna hagkvæmni og skilvirkni að leiðarljósi.

Verðbólga var há árinu og vextir einnig á sama tíma og verulega dró úr hagvexti. Samtökin bentu á að efla þarf framleiðslugetu hagkerfisins og mynda þannig grundvöll þess að saman geti farið aukin verðmætasköpun og stöðugleiki. En aukin verðmætasköpun mun leiða til bættrar stöðu ríkissjóðs þar sem hvert prósent hagvaxtar skilar ríkissjóði um 15 milljörðum króna árlega. Með hagvexti og stöðugleika má snúa rekstrarhalla ríkissjóðs í afgang, greiða niður skuldir og lækka vaxtagjöld ríkisins sem nema nú um 14% af heildar rekstrarútgjöldum ríkissjóðs, eða um 207 milljörðum króna, og hafa aukist umtalsvert á síðustu árum.

Á árinu bentu samtökin á að bæta þarf eftirlit með lögvernduðum iðngreinum. Finna þarf skilvirkari farveg fyrir eftirlit með réttindalausum sem starfa andstætt lögum um handiðnað. Lögregluþyrirvöld hafa ekki tök á að fara í frumkvæðisathugun á starfsemi fyrirtækja og einstaklinga og hafa samtökin bent á að aðrar stofnanir sem nú þegar fara með eftirlitshlutverk eru betur til þess fallnar að fara með eftirlitið.



Öflugt samfélag

Orka og umhverfi

Raforkumál

Líkt og fyrri ár var afhending á raforku til stórnotenda skert árið 2024. Samkvæmt greiningu Samtaka iðnaðarins leiddi þetta til tapaðra útflutningstekna upp á 14-17 milljarða króna hjá málframlaiðendum og gagnaverum á nokkurra mánaða tímabili. Raforkuverð hækkaði um ríflega 15% árið 2024 miðað við vísitölu Hagstofunnar og er það mesta hækkun í meira en áratug. Þetta er afleiðing þeirrar kyrrstöðu sem ríkti í raforkumálum um árabil en hefur nú verið rofin þar sem ný ríkisstjórn hefur sent skýr skilaboð um vilja og metnað til þess að greiða fyrir uppbyggingu í þágu verðmætasköpunar. Í upphafi hausts var útlit fyrir enn meiri skerðingar veturinn 2024-2025 en veturinn áður með tilheyrandi samdrætti í verðmætasköpun en síðan þá hefur ræst úr vatnsbúskap. Það verður skortur á raforku næstu árin þar til nýjar virkjanir verða gangsettar. Því miður er ferli undirbúnings tafsamt sem gefur ekki tilefni til bjartsýni. Þá hefur dómur Héraðsdóms Reykjavíkur sett framkvæmdir við Hvammsvirkjun í uppnám en niðurstaða efri dómstiga liggur ekki fyrir. Orkumálaráðherra hefur lagt fram lagafrumvarp til að bregðast við þeim vanköntum á lögum um stjórn vatnamála sem dómur héraðsdóms leiddi í ljós.

Orkuskipti

Uppfærður og endurbættur vefur orkuskipti.is var settur í loftið í nóvember 2024. Þar er meðal annars að finna upplýsingar um stöðu orkumála á Íslandi í alþjóðlegum samanburði. Fram kemur að Ísland er í 22. sæti yfir ríki heims þegar kemur að orkuframlaiðslu á einstakling, þvert á það sem haldið hefur verið fram í almennri umræðu um að Ísland sé í efsta sæti. Þetta og ýmislegt annað vakti athygli. Vefurinn er samstarfsverkefni SI, Landsvirkjunar, Samorku, EFLU og Grænvangs og hafa upplýsingar sem þar koma fram nýst vel í opinberri umræðu um orkumál.

Í orkusþá Landsnets 2024-2050 kemur fram að ekki séu nægilega margir virkjanakostir í nýtingarflokki til að mæta fullum orkuskiptum. Í orkustefnu stjórnvalda til ársins 2050 kemur fram sú framtíðarsýn að Ísland skuli vera land hreinnar orku árið 2050 þar sem jarðefnaeldsneyti hefur alfarið vikið fyrir endurnýjanlegum orkugjöfum og orkuöryggi tryggt með framboði margvíslegra endurnýjanlegra orkukosta og traustum innviðum. Ljóst er að langt er í land að Ísland nái þeirri framtíðarsýn en íslenskt samfélag flytur inn á ársgrundvelli yfir milljón tonn af olíu.

Alþjóðleg samvinna og hagsmunagæsla vegna ESB gerða

Í norrænu samstarfi er aukin áhersla á orkumál. Á norrænum formannafundi sem haldinn var í Reykjavík var ákveðið að stofna sérstakan vinnuhóp um orkumál til þess að kortleggja stöðu orkumála og vinna sameiginlegar tillögur fyrir Norðurlöndin. Orkumál voru einnig til umfjöllunar í Kaupmannahöfn á viðburði sem SI skipulögðu með Dansk Industri og fleiri íslenskum og dönskum aðilum í tengslum við ríkisheimsókn forseta Íslands til Danmerkur.

Framkvæmdastjórn ESB hefur lagt fram ýmsar iðnaðargerðir sem snúa að orku- og loftslagsmálum og hafa SI tekið þær til skoðunar á ýmsum stigum máls. Meðal annars á vettvangi EFTA, gagnvart sameiginlegu EES nefndinni og í góðu samstarfi við utanríkisráðuneytið, fagráðuneyti og sendiráð Íslands í Brussel áður en málin eru lögð fram á Alþingi. Helstu mál á árinu vörðuðu CBAM (Carbon Border Adjustment Mechanism), NZIA (the Net Zero Industry Act), CRM (Critical Raw Materials Act) og ETS kerfið (Emissions Trading System). Útfærsla ETS kerfisins olli vandkvæðum hér á landi þar sem fyrirtækjum í kísiliðnaði var refsað fyrir of

mikinn árangur við að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Árangur náðist í hagsmunagæslu vegna þess máls í nánu samstarfi við íslensk stjórnvöld og hefur framkvæmdastjórn ESB lagt fram breytingu á Evrópureglugerð til að bregðast við stöðunni.

Loftslagsmál

Stjórnvöld kynntu nýja útgáfu af aðgerðaáætlun í loftslagsmálum á árinu en árið áður höfðu SI í samstarfi við önnur samtök í atvinnulífinu unnið að og kynnt Loftslagsvegvísa atvinnulífsins. Eigi að takast að draga verulega úr losun þarf mun nánari samstarf atvinnulífs og stjórnvalda, þar með talið þarf að vinna sameiginlegar áætlanir eða vegvísa á afmarkaðri sviðum. Fyrsti og raunar eini slíki vegvísirinn varðar byggingariðnað og mannvirkjagerð en það er verkefnið Byggjum grænni framtíð.

Aðgerðaáætlun stjórnvalda tók að nokkru leyti tillit til Loftslagsvegvísa atvinnulífsins en iðnaður nýtur nokkurrar sérstöðu þar sem þegar er til vegvísir fyrir byggingariðnað en losun vegna álframlaiðslu og kísiliðnaðar tilheyrir ETS losunarkerfinu og er þar af leiðandi ekki á ábyrgð íslenskra stjórnvalda. Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra gerði samning við Grænvang haustið 2024 um að undirbúa vinnu við slíkan vegvísi fyrir orkuskipti í samgöngum á landi. SI fagna þessu skrefi.

Byggjum grænni framtíð og þróun í vistvænni mannvirkjagerð

Vegvísirinn Byggjum grænni framtíð var gefinn út árið 2022 en um er að ræða samstarfsvettvang stjórnvalda og atvinnulífs um vistvæna mannvirkjagerð. Á árinu tóku SI þátt í að koma markmiðum og aðgerðum vegvísisins í fram-

kvæmd. Upphaflega voru settar fram 74 aðgerðir, þar af er 40 aðgerðum lokið og 5 eru í endurmati, sem þýðir að 61% aðgerða er nú lokið. Í vinnslu eru 22 aðgerðir en vinna er ekki hafin við 7. Á árinu var unnið að ýmsum aðgerðum, t.a.m. þróun á loftslagsvænni steypu, fræðslu um orkusparnað í byggingum, rannsóknir á orkunýtingu eldri bygginga, leiðbeiningar um endurnýtingu byggingarefna og útgáfa leiðbeininga um ábyrgt niðurrif. Margt af þessu hefur verið unnið og aðlagð út frá kröfum á öðrum Norðurlöndum í samvinnu þarlandra sérfræðinga. Á vefsíðu Byggjum grænni framtíð er hægt að nálgast yfirlit yfir stöðu aðgerða. Þá hefur fjöldi styrkja verið veittir til verkefna sem tengjast m.a. bindingu koltvísyrings í vistvænni steypu, líftíma byggingarefna og innleiðingu hringrásarhagkerfis tengt notkun byggingarefna.

Meðhöndlun úrgangs

Úrgangsmál eiga ríka samleið með starfsemi aðildarfyrirtækja SI og er hagsmunagæsla samtakanna virk á því sviði. SI eiga fulltrúa í stjórn Úrvinnslusjóðs og eru þátttakendur í samstarfi systursamtaka á Norðurlöndum á þessu sviði með fulltrúa í faghópi á þeim vettvangi. Í greiningu SI frá 22. október 2024 voru stjórnendur fyrirtækja í mannvirkjagerð beðnir um að gefa dæmi um aukinn kostnað í sínum rekstri og voru úrgangsmálin nefnd sérstaklega. Kom þar fram að kostnaður vegna flokkunar og losunar/förgunar á jarðvegi og úrgangi hefði hækkað talsvert og hefur Sorpa t.a.m. hækkað gjaldskrá sína verulega á undanförunum árum. Sem dæmi má nefna að frá 1. júlí 2021 hefur gjald Sorpu fyrir förgun á gleri og steinefnum verið hækkað sex sinnum eða sem nemur 567% hækkun á 3,5 ári.

Á árinu voru veittar umsagnir í eftirtöldum málum:

Alþingi, 154.-155. löggjafarþing

1.

Umsögn SI og SA um frumvarp til laga um Umhverfis- og orkustofnun, 585. mál.
2.

Umsögn SI og SUT um frumvarp um breytingu á lögum um endurnot opinberra upplýsinga (mjög verðmæt gagnasett, EES-reglur o.fl.), 35. mál.
3.

Umsögn SI um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjarskipti, lögum um íslensk landshöfuðlén og lögum um Fjarskiptastofu, fjarskipti o.fl. (fjarskipti, skráning o.fl.), 205. mál.
4.

Umsögn SI um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ársreikninga nr. 73/2016, 536. mál.
5.

Umsögn SI um frumvarp til laga um breytingar á stjórn-sýslulögum (ráðgefandi álit EFTA- dómstólsins), 787. mál.
6.

Umsögn um frumvarp til laga um rýni á fjárfestingum erlendra aðila vegna þjóðaröryggis og allsherjarreglu, 726. mál.
7.

Umsögn SI f.h. Tannsmiðafélags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um sjúkratryggingar nr. 112/2008, 908. mál.
8.

Umsögn SA og SI um frumvarp til laga um Nýsköpunarsjóðinn Kríu, 911. mál.
9.

Umsögn SI um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2025-2029, 1035. mál.
10.

Umsögn SI um frumvarp um breytingar á lögum um opinber innkaup, 919. mál.
11.

Umsögn SI um frumvarp til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun, nr. 48/2011 (virkjunarkostir í vindorku), 900. mál.
12.

Umsögn SI og SA um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003 (erlendar fjárfestingar), 921. mál.
13.

Umsögn SI og SÍK um frumvarp til breytinga á lögum um listamannalaun, nr. 57/2009, 937. mál.
14.

Umsögn um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2025, 1. mál.
15.

Umsögn SI og IEI um frumvarp til laga um námsgögn, 222. mál.
16.

Umsögn SA og SI um tillögu til þingsályktunar um stefnu í neytendamálum til ársins 2030, 142. mál.
17.

Umsögn SI um frumvarp til laga um kílómetragjald á ökutæki, 301. mál
18.

Umsögn SI um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skatta og gjöld o.fl. (nýsköpun, virðisaukaskattur o.fl.), 300. mál.

Samráðsgátt

1.

Umsögn SI um forgangslista Íslands gagnavart ESB, mál nr. 250/2023.
2.

Umsögn SI um drög að frumvarpi til laga um vindorku, mál nr. 1/2024.
3.

Umsögn SI um áform um breytingar á lögum um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi (meðalhófsprófun við lögverndun nýrra starfa), mál nr. 16/2024.
4.

Umsögn SI um frumvarp til laga um Nýsköpunarsjóðinn Kríu, mál nr. 17/2024.
5.

Umsögn SI um áform um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003 (erlendar fjárfestingar í nýsköpun), mál nr. S-26/2024
6.

Umsögn SI og TÍ um frumvarp til laga um breytingar á lögum um sjúkratryggingar, mál nr. 35/2024.
7.

Umsögn SI um heildarendurskoðun á reglugerð um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði sjúkratryggðra við tannlækningar, mál nr. 18/2024.
8.

Umsögn SI um gullhúðun EES-reglna, mál nr. 27/2024.
9.

Umsögn SI um áform um frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, mál nr. 48/2024.
10.

Umsögn um drög að breytingu á byggingarreglugerð um innleiðingu ákvæða um lífsferilsgreiningu mannvirkja, mál nr. 33/2024.
11.

Umsögn SA, SAF, SI, SVÞ og VÍ um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 96/2023 um viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir (ETS2-kerfið), mál nr. 47/2024.
12.

Umsögn SA og SI um áform um breytingar á lögum um opinber innkaup, mál nr. 50/2024.
13.

Umsögn SI um drög að frumvarpi til breytinga á raforkulögum (raforkuviðskipti), mál nr. 61/2024.
14.

Umsögn SI um breytingu á lögum um virðisaukaskatt og lögum um kílómetragjald vegna notkunar hreinorku- og tengiltvinnbifreiða (sala á skattskyldri þjónustu til erlendra aðila, kílómetragjald o.fl.), mál 68/2024.
15.

Umsögn SI um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003 (erlendar fjárfestingar í nýsköpun), mál nr. 75/2024.
16.

Umsögn SA, SI og Samorku um endurmat á virkjunarkostum úr 3. áfanga rammaáætlunar – tillögur verkefnastjórnar, mál nr. 265/2023.
17.

Umsögn SI um aðgerðaáætlun matvælastefnu, mál nr. 64/2024

18.

Umsögn SA, SVÞ og SI um drög að frumvarpi um breytingar á lögum um opinber innkaup, mál nr. 81/2024.
19.

Umsögn SI og IEI um drög að bókmenntastefnu, mál nr. 62/2024.
20.

Umsögn SI og SÍK um drög að frumvarpi til breytinga á lögum um listamannalaun, nr. 57/2009 (fjölgun sjóða og aukning framlaga), mál nr. 86/2024.
21.

Umsögn SI um frumvarp til laga um námsgögn, mál nr. 74/2024.
22.

Umsögn SI um drög að breytingu á reglugerð um viðurkenningu faglegrar menntunar til starfa hér á landi, nr. 477/2020, mál 87/2024.
23.

Umsögn SI um endurskoðun greinasviða aðalnámskrá grunnskóla, nr. 89/2024.
24.

Umsögn SI um áform um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun, nr. 48/2011, mál nr. 79/2024
25.

Umsögn SA og SI um drög að tillögu til þingsályktunar um stefnu í neytendamálum til 2030, mál nr. 96/2024.
26.

Umsögn SI um reglur um eftirlit með gæðum kennslu og rannsóknna í háskólum, mál nr. 104/2024.
27.

Umsögn SI um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi til starfa hér á landi, mál nr. 99/2024.
28.

Umsögn SI um drög að reglugerð um öryggi fjarskiptaneta og fjarskiptapjónustu, mál nr. 105/2024.
29.

Umsögn SI um drög að flokkun fimm virkjunarkosta, mál nr. 114/2024.
30.

Umsögn SI um breytingu á reglugerð nr. 707/2023 um lista yfir störf sem falla undir 3. mgr. 8. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002, mál nr. 117/2024.
31.

Umsögn SI um áform um breytingu á ýmsum lögum vegna einföldunar leyfisferla, samræming málsmeðferðar o.fl. í umhverfis- og orkumálum vegna vinnu að skilvirkari leyfisveitingum á sviði orku- og umhverfismála, mál nr. 137/2024.
32.

Umsögn SI og Samtaka menntatæknifyrirtækja um áform um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008, mál nr. 140/2024.
33.

Umsögn SI og SAFL um drög að reglugerð um breytingu á reglugerð um vörslu og tollmeðferð vöru, mál nr. 122/2024.
34.

Umsögn SI og SUT um drög að frumvarpi til laga um skipan upplýsingatækni í rekstri ríkisins, mál nr. 142/2024.

35.

Umsögn SI um áform um frumvarp til laga um kílómetragjald vegna notkunar ökutækja, mál nr. 147/2024.
36.

Umsögn SI um breytingu á lögum um svæðisbundna flutningsjöfnun, mál nr. 130/2024.
37.

Umsögn SI um reglugerð um umhverfisupplýsingar, mál nr. 126/2024.
38.

Umsögn SI um breytingar á reglugerðum á sviði brunavarna, mál nr. 162/2024.
39.

Umsögn SI um uppfærða aðgerðaáætlun í loftslagsmálum, mál nr. 119/2024.
40.

Umsögn SI um tillögu að flokkun fimm virkjunarkosta, mál nr. 139/2024.
41.

Umsögn Samtaka iðnaðarins um drög að reglugerð um viðmið um æðri menntun og prófgráður, mál nr. 180/2024.
42.

Umsögn SI um áform um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld o.fl. (nýsköpun, virðisaukaskattur o.fl...) mál nr. 192/2024.
43.

Umsögn SI um drög að frumvarpi til laga um geislavarnir (heildarendurskoðun), mál nr. 196/2024.
44.

Umsögn SI um drög að frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld o.fl. (nýsköpun, virðisaukaskattur o.fl.), mál nr. 213/2024.
45.

Umsögn SI um drög að frumvarpi til laga um opinberan stuðning við vísindi og nýsköpun, mál nr. 2019/2024.
46.

Umsögn SI um drög að aðgerðaáætlun um gervigreind 2024-2026, mál nr. 223/2024.
47.

Umsögn SI um drög að reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 605/2010 um aksturs- og hvíldartíma ökumanna, notkun ökurita og eftirlit, mál nr. 237/2024.
48.

Umsögn SI um drög að frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna einföldunar og samræmingar leyfisferla á sviði umhverfis- og orkumála, mál nr. 232/2024.

Annað

- Umsögn SI um tilskipun ESB 2023/2413 um breytingu á tilskipun ESB 2018/2001 um aukna hlutdeild endurnýjan-legrar orku.

Umsagnir SI má finna á vef samtakanna, www.si.is



Sterk saman

Iðnaðar- og hugverkasvið

Á iðnaðar- og hugverkasviði SI eru fjölbreyttar greinar iðnaðar, þar á meðal tilheyra tvær af fjórum útflutningsstöðum Íslands sviðinu, hugverkaiðnaður og orkusækinn iðnaður. Undir sviðið heyra félagsmenn og starfsgreinahópar í framleiðslugreinum, matvælaframleiðslu, handverks- og þjónustugreinum, hugverkaiðnaði, allt frá tölvuleikjaframleiðslu til líftækni, orkusækinn iðnaður og fjölbreytt sprotafyrirtæki. Á sviðinu er lögð rík áhersla á umgjörð og eflingu nýsköpunar, raforkumál og hagsmunagæslu í evrópumálum. Framleiðsluþing var haldið í janúar þar sem íþyngjandi regluverk var til umfjöllunar.

Á iðnaðar- og hugverkasviði eru starfrækt þrjú ráð, Matvælaráð, Framleiðsluráð og Hugverkaráð og heyra fjölbreytt félög og starfsgreinahópar undir sviðið: Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda, Samtök gagnavera, Samtök leikjaframleiðenda, Samtök menntatækifyrirtækja, Samtök sprotafyrirtækja, Samtök fyrirtækja í líf- og heilbrigðistækni, Samtök upplýsingatækifyrirtækja, Samtök menntatækifyrirtækja, Vetnis- og rafeldsneytissamtökin, Landssamband bakameistara, Málmur – samtök fyrirtækja í málm- og skipaiðnaði, Samtök skipaiðnaðarins, Félag húsgagnabólstrara, Ljósmyndarafélag Íslands, Klæðskera- og kjólara-meistarafélagið, Félag íslenskra gullsmiða, Félag íslenskra snyrtifræðinga, Félag hársnyrttimeistara á Norðurlandi, og Tannsmíðafélag Íslands. Fjöldmörg önnur fyrirtæki, sem eiga beina aðild að SI, tilheyra iðnaðar- og hugverkasviði, meðal annars fyrirtæki í prentiðnaði, matvælaíðnaði og orkusæknum

iðnaði, þar á meðal álverin. Samtök fyrirtækja í landbúnaði, SAFL, gengu til liðs við SI í byrjun ársins og bættust þar með um 20 fyrirtæki í hóp félagsmanna. SAFL vinna náðið með iðnaðar- og hugverkasviði um hagsmuni landbúnaðarins.

Hugverkaráð SI leiðir málefnavinnu hugverkaiðnaðar en í ráðinu sitja fulltrúar starfsgreinahópa tölvuleikjaiðnaðar, menntatækni, upplýsingatækni, gagnaversiðnaðar, líf- og heilbrigðistækni og sprotafyrirtækja.

Matvælaráð SI er vettvangur umræðu um stöðu matvælaíðnaðar á Íslandi en í ráðinu sitja fulltrúar fyrirtækja í ýmsum greinum matvælaíðnaðar. Ráðið leggur áherslu á greiningar og sameiginlega hagsmuni matvæla- og drykkjarvöruframleiðenda innan SI.

Framleiðsluráð SI samanstendur af fulltrúum fjölbreyttra framleiðslufyrirtækja, meðal annars í orkusæknum iðnaði, málmíðnaði og hátækni framleiðslu. Einföldun regluverks og eftirlits til að efla samkeppnishæfni Íslands á sviði framleiðslu er eitt af áherslumálum ráðsins.

Sviðið sinnir stefnumótun, hagsmunagæslu, hagaðilatengslum og samskiptum við Stjórnarráðið og opinberar stofnanir og eiga starfsmenn sviðsins meðal annars sæti í stjórn Úrvinnslusjóðs, Nýsköpunarsjóðnum Kríu og KLAKE-Ícelandic Startups. Þá veitir sviðið umsagnir um frumvörp í fjölbreyttum málaflokkum.

Eftirfarandi eru dæmi um mál sem voru í forgrunni á árinu 2024:

- Raforkumál og staða raforkumarkaðar
- Regluverk og framkvæmd eftirlits, m.a. gullhúðun
- EES innleiðingar í fjölbreyttum málefnasviðum
- Erlend fjárfesting
- Samstarf við Íslandsstofu um markaðsmál útflutningsgreina
- Skattahvatar vegna rannsókna- og þróunar
- Tækniinnviðir og fjarskipti
- Málefni alþjóðlegra sérfræðinga
- Útboðsmál á sviði upplýsingatækni
- Skattamál, meðal virðisaukaskattsmál sprotafyrirtækja
- Umhverfis- og loftslagsmál
- Samkeppnisrekstur hins opinbera





Sterk saman

Mannvirkjasvið

Mannvirkjaráð SI – Í ráðinu sitja fulltrúar allra starfandi fagfélaga á sviðinu auk stjórnarmanna SI sem starfa í mannvirkja- og byggingariðnaði. Samkvæmt stefnu ráðsins er hlutverk þess að vera samstarfsvettvangur sem stuðlar að umbótum í mannvirkjaiðnaði, sjálfbærri þróun hans, jákvæðri ímynd og heilbrigðu starfsumhverfi, atvinnulífinu og samfélaginu til hagsbóta. Framtíðarsýn ráðsins er að stuðla að bættu starfsumhverfi mannvirkjaiðnaðar sem að styður við framfarir og eykur skilvirkni og framleiðni.

Meistaradeild SI – Meistaradeild Samtaka iðnaðarins, MSI, er þverfaglegur samvinnu- og umræðuvettvangur allra meistarafélaga í mannvirkjagreinum innan SI og mynda formenn félaganna stjórn MSI. Hlutverk MSI er að stuðla að samstöðu meistarafélaga um mikilvæg málefni í byggingariðnaði, vinna að umbótum í starfsumhverfi félagsmanna MSI í sameiginlegum hagsmunamálum og koma fram fyrir hönd þeirra. Meðal helstu viðfangsefna ársins voru réttindamál í byggingariðnaði, vinnustaðanám og öryggi á verkstöðum. Samkvæmt stefnu deildarinnar er það meðal markmiða hennar að ná fram úrbótum í innkaupum opinberra verkkaupa og eftirliti við mannvirkjagerð, tryggja nægt framboð af fagmenntuðu starfsfólki með áherslu á gott og skilvirkt iðnnám, halda áfram að tala fyrir mikilvægi lögverndunar iðngreina ásamt því að huga að umhverfisvænni lausnum við mannvirkjagerð.

Húsnæðismál, innviðir, mannauður og umhverfismál – Rík áhersla er lögð á að sinna verkefnum sem bæta starfsumhverfi fyrirtækja á mannvirkjasviði og á árinu var því

áfram lögð áhersla á verkefni á sviðum húsnæðis-, innviða-, mannauðs- og umhverfismála. Samtökin tóku virkan þátt í umræðu um húsnæðismál, gáfu út fjölda greininga og lögðu áherslu á mikilvægi þess að auka lóðaframboð og ná fram stöðugleika á markaðnum. Þá áttu samtökin fulltrúa í starfshópi innviðaráðherra um einn feril húsnæðisuppyggingar sem lagði fram tillögur að umbótum varðandi ólík ferli skipulags- og byggingarmála. Umbætur á innviðum landsins var fyrirferðarmikil umræða á árinu, ekki síst hvað varðar vega-samgöngur, og var lögð áhersla á að mæta nýfjárfestingar- og viðhaldsþörf þeirra. Þá lögðu samtökin áherslu á góðar útboðsvenjur og unnu, í samstarfi við Samtök innviðaverktaka, greiningu varðandi opinberar framkvæmdir en samkvæmt henni gætu verktakafyrirtæki, sem starfa við verklegar framkvæmdir á vegum hins opinbera, boðið nær 11% lægra í opinberar framkvæmdir ef fyrirsjáanleiki væri til staðar. Þetta er umtalsvert en 11% af áætluðum heildarfjárfestingum ársins 2025 í opinberum innviðum er 20 milljarðar króna. Á útboðsþingi SI, Samtaka innviðaverktaka og Mannvirkis – félags verktaka boðuðu opinberir verkkaupar útboð verklegra framkvæmda að heildarfjárhæð 204 ma. kr. en í lok árs höfðu aðeins raungerst útboð fyrir 134,5 ma. kr. Að frátaltri Landsvirkjun tókst opinberum verkkaupum þó heilt yfir að koma boðuðu fjármagni í útboð en ekki endilega boðuðum verkefnum. Unnið var að undirbúningi nýrrar skýrslu um ástand og framtíðarhorfur innviða fyrir árið 2025, í samstarfi við Félag ráðgjafarverkfræðinga, auk þess sem vinna við endurskoðun ÍST30 hélt áfram. Einnig var Öryggisskóli iðnaðarins stofnaður á vegum lúnnar fræðsluseturs og Rafmenntar. Áfram var unnið að því að innleiða aðgerðir úr Byggjum grænni framtíð sem er vegvisir að vistvænni mannvirkjagerð til ársins 2030 og jafnframt gefinn út vegvisir að mótun rannsóknarumhverfis mannvirkjagerðar. Þá unnu

samtökin greiningu sem leiddi m.a. í ljós að 68% stjórnenda fyrirtækja í mannvirkjaiðnaði telja að fyrirtæki þeirra hafi haft frumkvæði að breytingum í rekstrinum eða umhverfi mannvirkjaiðnaðar sem hafi jákvæð umhverfisáhrif.

Ýmsir viðburðir voru haldnir á vegum sviðsins, sumir í samstarfi við aðra, m.a. vinnustofa um vistvænni steypu, fundur um Svansvottaðar framkvæmdir, vinnustofa um umhverfiskilyrði í útboðum, ráðstefna um fjárfestingu í samgönguinnviðum, ýmsir fundir um stöðu íbúðauppyggingar, fundur um brunahólfandi innihurðir og málstofa um græna hvata og grænni framkvæmdir.

Öflug starfsemi innan félaga – Öflugt starf var unnið á vegum félaga á mannvirkjasviði á árinu. Fjölbreytt norrænt samstarf á sér stað innan flestra undirfélaga á mannvirkjasviði og var ríkuleg þátttaka þeirra á þeim vettvangi. Mörg meistarafélög lögðu áfram áherslu á skipulagsmál, s.s. aukið lóðaframboð, og gagnrýndu óeðlilegar hækkanir á gjaldtöku sveitarfélaga í tengslum við húsnæðisuppyggingu. Samtök rafverktaka Sart, héldu upp á 75 ára afmæli samtakanna á árinu og aðildarfélög færðu verknámsskólum um land allt

mælitæki sem notuð eru við kennslu í rafidngreinum. Á vordögum var gefin út greining á hæfnipörf í rafidngreinum en fyrirtækin telja sig þurfa að ráða um 900 nýja rafidnaðarmenn til starfa á næstu fimm árum. Í lok ársins gaf Sart út leiðbeiningar undir yfirskriftinni Gott að vita um rafmagn. Félag vinnuvélaeigenda fékk nýtt nafn og heitir nú Samtök innviðaverktaka. Sömuleiðis var mótuð ný stefna og áherslur samtakanna, auk þess sem samtökin kölluðu eftir auknum fyrirsjáanleika í opinberum framkvæmdum. Félag ráðgjafarverkfræðinga lagði m.a. áfram áherslu á samtöl við opinbera verkkaupa um innkaup á hönnun og ráðgjöf, staðlaða samningsskilmála og unnu að útgáfu nýrrar skýrslu um ástand og framtíðarhorfur innviða. Yngri ráðgjafar, innan FRV, héldu áfram að kynna störf ráðgjafarverkfræðinga út á við og efla tengslanet yngri ráðgjafa. Mannvirki – félag verktaka lagði m.a. áherslu á stöðugleika í starfsumhverfi greinarinnar, réttindamál í byggingariðnaði og endurskoðun ÍST30. Samtök arkitektastofa lögðu áfram áherslu á höfundaréttarmál og samtöl við opinbera verkkaupa um innkaup á hönnun.





Markviss samskipti

Miðlun

Samfélagsmiðlar

Samtök iðnaðarins eru á Facebook þar sem yfir 4.900 fylgja samtökunum. Samtök iðnaðarins eru með ásynd á Instagram með 844 fylgjendum. Á LinkedIn eru 584 sem fylgja samtökunum. Á Vimeo er hægt að nálgast um 400 myndbönd. Á Youtube eru 30 myndbönd.

Samtök iðnaðarins beita sér fyrir jákvæði mynd íslensks iðnaðar þar sem allar helstu leiðir eru nýttar til að koma skilaboðum á framfæri í ytri og innri samskiptum; viðburðir, útgáfur, greiningar, fréttatilkynningar og annað kynningarefni sem allt er aðgengilegt á vef samtakanna, www.si.is.

Vefur SI

Á vef SI voru settar inn 415 fréttir á árinu. Vegna persónuverndalaga þarf samþykki þeirra sem fara inn á vefinn fyrir mælingum og þar af eru margir sem nýta sér þann möguleika að heimsókn sé ekki mæld. Á árinu mældust síðuflettingar 135.005. Fjöldi heimsókna á árinu voru 65.795 og notendur mælast 37.292. 54% notenda eru að nota farsíma, 45% nota tölvur og 1% spjaldtölvur.

Fréttabréf

Rafrænt fréttabréf SI var sent út 11 sinnum á árinu. Fréttabréfin er hægt að nálgast á vef SI.




Fjölmiðlaumfjöllun

Samtök iðnaðarins voru mjög sýnileg í fjölmiðlum á árinu en um var að ræða 1.048 umfjallanir í fjölmiðlum. 40% birtist í netmiðlum, 17% í blöðum, 3% í sjónvarpi/útvarpi og 40% birtist á sérvefjum.

Heimild: Creditinfo.

Umfjöllun eftir tegundum fjölmiðla 2024.



Greiningar

Á árinu voru gefnar út 16 greiningar þar sem tekin voru fyrir tiltekin málefni sem skipta aðildarfyrirtæki SI máli og þau greind með aðferðum tölfraði og hagfræði.

- Skortur á raforku veldur mikilli hækkun á raforkuverði
- Fyrirsjáanleiki í opinberum framkvæmdum gæti sparað tugi milljarða króna
- Stjórnendur iðnfyrirtækja kalla eftir stöðugleika
- Fyrirtæki í mannvirkjaíðnaði vilja hafa jákvæð umhverfisáhrif
- Fasteignaskattar á atvinnuhúsnæði hafa hækkað um 50% á síðustu tíu árum
- Iðnaður er stærsta útflutningsgreinin
- Verktakar vænta aukningar í fjölda íbúða í byggingu þrátt fyrir lóðaskort
- Fyrirtæki í pípulögnum þurfa að ráða 360 pípara á næstu fimm árum
- 14-17 ma.kr. útflutningstekjur hafa tapast vegna raforkuskerðingar Landsvirkjunar
- Stjórnendur iðnfyrirtækja bjartsýnni á þróun efnahagsmála
- Skattspor iðnaðar 462 milljarðar
- Fyrirtæki í rafíðnaði þurfa að ráða 800 rafvirkja á næstu fimm árum
- Vænta 77% fjölgunar starfsfólks í tækni- og hugverkaíðnaði á næstu fimm árum
- Opinberir verkkaupar boða riflega tvöföldun í útboðum verklegra framkvæmda
- Regluverk og eftirlit hefur aukist mikið
- Áframhaldandi samdráttur í byggingu nýrra íbúða

Greinar


Á árinu voru birtar 20 greinar í fjölmiðlum.

- Orkumálastjóri skipr fyrirtækjum í fylkingar - Vísir
- Gleymum ekki grundvallaratriðum - Vísir
- Hagstjórnarmistök stjórnvalda - ViðskiptaMogginn
- Góðar útboðsvenjur geta lækkað kostnað - Vísir
- Vöxtur tækni- og hugverkaíðnaðar krefst sérhæfðs mannauðs - Vísir
- Skattspor iðnaðarins stærst af öllum útflutningsgreinum - Viðskiptablaðið
- Stórar hugmyndir og stækkandi hugverkaíðnaður - Viðskiptablaðið
- Vegasamgöngur á rauðu ljósi - ViðskiptaMogginn
- Heimatilbúinir hnökra - Morgunblaðið
- Virk hagsmunagæsla á vettvangi EES og EFTA - Viðskiptablaðið
- Íslenskur iðnaður verðmætur en ekki sjálfgæfinn - ViðskiptaMogginn
- Atvinnulíf tekur ábyrgð - Viðskiptablaðið
- Árangur með samstarfi vinapjóða - Morgunblaðið
- Stöðug uppbygging íbúða og innviða í takt við þarfir landsmanna - Vísibending
- Hugmyndalandið - Morgunblaðið
- Heimatilbúinn vandi - ViðskiptaMogginn
- Ríkisstjórn verðmætasköpunar - Vísir
- Kallað eftir fyrirsjáanleika í opinberum framkvæmdum - Vísir
- Árangur og áskoranir í iðnmenntun - Vísir
- Hugverkaíðnaður: Framtíð Íslands í verðmætasköpun - Vísir



Kynningarstarf

Samtök iðnaðarins nýta alla helstu fjölmiðla og samfélagsmiðla til að koma skilaboðum á framfæri um einstaka viðburði eða annað sem vekja þarf athygli á.



Meistarinn.is

Á árinu var vakin athygli á mikilvægi þess að leitað sé til faglærðra félagsmanna meistarafélaga innan Samtaka iðnaðarins með auglýsingum í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum. Á vefsíðunni meistarinn.is geta landsmenn nálgast upplýsingar um einstök fyrirtæki innan 12 meistarafélaga SI, auk hagnýtra upplýsinga fyrir þá sem vilja fá meistarara í verkið.



Heimsóknir til félagsmanna

Á árinu heimsóttu stjórn og starfsmenn SI aðildarfyrirtæki. Tilgangur heimsóknanna er að efla tengsl við félagsmenn þar sem tækifæri gefst til að heyra hvað efst er á baugi og hverjar helstu áskoranirnar eru í starfseminni.

Útgáfur

Á árinu gáfu Samtök iðnaðarins út bækling með 30 umbóta- tillögum samtakanna sem stuðla að aukinni samkeppnis- hæfni. Bæklingnum var dreift á kosningafundi SI sem fór fram í Hörpu í aðdraganda alþingiskosninga auk þess að vera dreift til frambjóðenda í efstu sætum framboða út um allt land. Þá gáfu SI út helstu staðreyndir um hugverkaiðnað, íbúðamarkað, innviði og mannauð. Allt efnið er aðgengilegt á vef SI.



Controlant



Carfix



Icelandic Glacial



Steinullarverksmiðjan



Marel



Mjólkursamsalan

Starfsfólk SI

Starfsfólk Samtaka iðnaðarins við útgáfu skýrslunnar



Sigurður Hannesson,
framkvæmdastjóri SI



Berglind Guðjónsdóttir,
skrifstofuumsjón



Elísa Arnarsdóttir,
viðskiptastjóri á mannvirkjasviði



Erla Tinna Stefánsdóttir,
viðskiptastjóri á iðnaðar- og
hugverkasviði



Eyrún Arnarsdóttir,
viðskiptastjóri á mannvirkjasviði



Friðrik Á. Ólafsson,
viðskiptastjóri á mannvirkjasviði



Guðný Hjaltadóttir,
viðskiptastjóri á iðnaðar- og
hugverkasviði



Gunnar Sigurðarson,
viðskiptastjóri á iðnaðar- og
hugverkasviði



Hulda Birna Kjærnested Baldursdóttir,
sérfræðingur í mennta- og
mannauðsmálum



Ingólfur Bender,
aðalhogfræðingur



Ída Margrét Jósepsdóttir,
aðstoðarmaður framkvæmdastjóra



Jóhanna Klara Stefánsdóttir,
sviðsstjóri mannvirkjasviðs



Kristján Daniel Sigurbergsson,
viðskiptastjóri á mannvirkjasviði



Lilja Björk Guðmundsdóttir,
yfirlögfræðingur



Margrét Kristín Sigurðardóttir,
almannatengsla- og
samskiptastjóri



Nanna Elísa Jakobsdóttir,
viðskiptastjóri á iðnaðar- og
hugverkasviði



Sigríður Mogensen,
sviðsstjóri iðnaðar- og hugverkasviðs



Sigurður Helgi Birgisson,
viðskiptastjóri á iðnaðar- og
hugverkasviði



Úlfar Biering Valsson,
hagfræðingur



Þorgils Helgason,
viðskiptastjóri á mannvirkjasviði

